

Leikskólinn Grænuvellir

Áætlun um öryggi og heilbrigði 2021-2024



Inngangur	5
Niðurstöður áhættumats 2020	6
Umbótaáætlun	6
Öryggisnefnd	8
Áhættumat	8
Úrbótaáætlun vegna áhættumats:	10
Velferð leikskólabarna	14
Sýn leikskólans á velferð barna	14
Réttur barna	14
Tilkynningarskylda	15
Um hvað er tilkynnt	15
Hver tilkynnir og hvernig?	15
Vanræksla	16
Andlegt ofbeldi	16
Líkamlegt ofbeldi	16
Kynferðislegt ofbeldi	16
Netöryggi	17
Slysavarnir og líkamlegt öryggi	17
Forvarnir og fræðsla	17
Reglubundnar æfingar á viðbragðsáætlunum	17
Grunnupplýsingar barns vegna slysa og bráðaveikinda	17
Sjúkrakassar	17
Rýmingaráætlanir	17
Öryggi í námsumhverfi	18
Starfsmenn	18
Leikskóladeildir	18
Ræsting	18
Hljóðvist	18
Rödd og raddvernd	18
Matmálstímar	19
Húsgögn	19
Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir	19
Gluggar og gluggakistur	19
Blöndunartæki og heitt vatn	19
Fataklefar	19
Stigar og tröppur	20

Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða.....	20
Speglar og myndir	20
Eldhús.....	20
Eiturefni.....	20
Rafmagnsöryggi.....	20
Kerti og eldfim efni.....	20
Salurinn	21
Námsgögn og leikföng.....	21
CE merkingar	21
Leikföng fyrir 0-3 ára	21
Kokhólkur	21
Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum.....	22
Leikföng og annað að heiman	22
Trampólín	22
Holukubbar	23
Námsumhverfi úti	23
Lýsing.....	23
Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járn 23	23
Ruslaskýli, tunnur og gámar.....	23
Umferð og bílastæði við leikskólalóð.....	23
Göngustígar og gangstéttir	24
Hálka	24
Leikvallatæki.....	24
Eftirlit	25
Innra eftirlit.....	25
Eftirlit starfsmanna	25
Öryggi í ferðum á vegum leikskólans	26
Akstur með börn í bílum starfsmanna	26
Slys	27
Að hefja skyndihjálpar og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur	27
Að koma ró á svæðið – Hinn slasaði gengur alltaf fyrir	27
Fyrstur á slysstað.....	27
Fjögur skref til skyndihjálpar.....	27
Greiningarstig áverka.....	28
Hringt á sjúkral og sjúkrakassi sóttur	28
Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna 112.....	28

Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað	28
Tilkynningar til foreldra um slys á barni.....	29
Símtalið	29
Eftir slys	29
Hvenær á að skrá slys í leikskóla?	30
Lögregluskýrsla.....	30
Slys á börnum sem skal gera lögregluskýrslu fyrir:	30
Endurskoðun öryggismála eftir slys	31
Heilbrigðiseftirlit	31
Tilkynningar til tryggnarfélaga	31
Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys	31
Almannavarnir og eldvarnir	33
Náttúruvá	33
Eldgos	33
Eldingar	33
Fárviðri	33
Eldvarnir	34
Rýmingaráætlanir.....	35
Jafnréttisstefna Grænuvalla 2019-2022.....	45
Nemendur og foreldrar	45
Kennarar og annað starfsfólk leikskóla.....	46
Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis.....	47
Fyrirbyggjandi ráðstafanir	47
Skilgreining á einelti og áreitni.....	48
Skilgreining á ofbeldi.....	48
Hvað gerir starfsmaður sem telur sig hafa lent í einelti, áreitni eða ofbeldi?	49
Hvernig á yfirmaður að bregðast við tilkynningu um einelti, áreitni eða ofbeldi?	49
Málsmeðferð.....	49
Fjarvistastefna Grænuvalla	51
Áætlun vegna áfalla	52
Áfallateymi	52
Ef barn slasast alvarlega eða deyr í leikskólanum.....	52
Ef barn í leikskólanum deyr	52
Ef foreldri barns í leikskólanum deyr	53
Ef starfsmaður í leikskólanum deyr.....	54
Ef náinn aðstandandi starfsmanns í leikskólanum deyr	55

Staðlað bréf til foreldra	56
Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs/inflúensu og covid 19	57
Áhættumat	57
Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu	58
Ef grunur um sýkingu af völdum COVID 19	58
Fyrirbyggjandi áherslur til að draga úr smitleiðum	58
Komi til hólfaskiptinga leikskólans vegna neyðarstigs almannavarna	58
Komi til lokunar leikskólans	59

Inngangur

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi stofnanna í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins. Tilgangur með gerð þessarar áætlunar er m.a. liður í að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, bæði innanhúss og á leikskólalóð. Auk þess er er hún liður í því að draga úr álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir í starfi. Í áætluninni má finna áhættumat, áætlun um heilsuvernd og forvarnir auk úrbótaáætlunar sem byggir m.a. á niðurstöðum úttektar Vinnueftirlitsins og öryggisnefndar. Áætlunin er unnin með öryggisnefnd leikskólans og verður kynnt starfsmönnum á starfsmannafundi. Einnig mun hún verða aðgengileg á vefsíðu leikskólans og á sameiginlegu netsvæði starfsmanna. Við val á aðgerðum var stuðst við almenn viðmið um forvarnir sem finna má í Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum, sem gefin er út af Mennta og menningarmálaráðuneytinu, og eru þær felldar inn í alla starfsemi Grænuvalla. Það er sameiginlegt markmið okkar að bæta ríkjandi aðstæður svo öllum farnist sem best á vinnustaðnum. Auk áætlunar um öryggi á vinnustað má finna fleiri áætlanir; jafnréttisáætlun, viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi, áætlun vegna áfalla, rýmingaráætlun og viðbragðsáætlun vegna influensufaraldurs en allt upp talið er liður í að auka vellíðan og öryggi starfsmanna í leikskólanum.

Niðurstöður áhættumats 2020

Eftir heimsókn Sigurgeirs Á. Stefánssonar fyrirtækjaeftirlitsmanns Vinnueftirlits kom í ljós að leysa þurfti nokkur atriði innan leikskólans.

Athugasemd 1: Leikskólinn hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði. Áætlunin á að innihalda áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna, áhættuþætti í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir. Í fyrirmælum kemur fram að leikskólastjóri beri ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði og að samráð skuli haft við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð við gerð hennar. Áætlun skal skila fyrir veittan frest, hún kynnt fyrir starfsfólki og tryggt verði að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Athugasemd 2: Öryggisnefnd þarf á endurmenntun að halda.

Athugasemd 3: Yfirfara þarf viðbragðsáætlun gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Athugasemd 4: efni og efnaáhrif. Athugasemd er gerð við að ræstirými séu ólæst.

Athugasemd 5 varðar innloft og er gerð athugasemd vegna lélegra loftgæða á efri hæð leikskólans. Fyrirmæli voru gefin um að gera skuli mælingu á gæðum innilofts og gera úrbætur í samræmi við niðurstöður.

Athugasemd 6 fjallar einnig um inniloft og er gerð athugasemd við að ræstivagn með tilheyrandi óþrifnaði og lykt sé geymdur inni á salerni starfsmanna. Í fyrirmælum kemur fram að fjarlægja skuli ræstivagn og gera ráð fyrir sérstöku rými þar sem nauðsynlegum búnaði fyrir ræstingar er komið fyrir.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Fyrirmæli	Úrbætur	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Staða
Athugasemd 1.	Leikskólastjóri ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlun kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum leikskólans og tryggt að	Áætlunin verði tilbúin og skilað til Vinnueftirlitsins fyrir 1. mars 2021. Áætlunin verður kynnt á starfsmannafundi 19. mars 2021.	Sigga Valdís	Nóvember 2020	Febrúar 2021	Lokið

	henni verði framfylgt við dagleg störf.					
Athugasemd 2.	Starfsmenn sem gegna hlutverki í vinnuverndarmálum skulu fá fræðslu og þjálfun reglulega í vinnuvernd.	Guðrún og Elín skrá sig á námskeið hjá Vinnuvernd 2021	Sigga Valdís	Þegar námskeið býðst.	Fyrir árs lok 2021	Ólokið
Athugasemd 3.	Yfirfara skal skriflegar áætlanir um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi.	Áætlanir verða lesnar yfir og úrbætur gerðar gerist þess þörf. Þær verða sameinaðar í eitt skjal.	Sigga Valdís	20. janúar 2021	28. febrúar 2021	Lokið
Athugasemd 4.	Geyma skal hættumerkt efni í læstri geymslu þannig að óviðkomandi og börn hafi ekki aðgang að þeim.	Skellt í lás.	Sigga Valdís	Nóvember 2020.	28. febrúar 2021	Lokið
Athugasemd 5.	Gera mælingar á gæðum innilofts á efri hæð leikskólans. Uppfæra skal áhættumatið út frá niðurstöðum mælinga og gera úrbætur á starfsaðstöðu í samræmi við niðurstöður matsins.	Loftgæði voru mæld og niðurstaðan var neikvæð. Eignasjóði Norðurþings var tilkynnt um niðurstöður og eignasjóður hefur leitað til smíðs varðandi mögulegar lausnir.	Sigga Valdís	Janúar 2021	11. janúar 2021	Lokið/ í ferli
Athugasemd 6.	Fjarlægja skal ræstivagn vegna ólofts á snyrtingu.	Moppur ræstifyritækis hafa verið fjarlægðar og eru ekki geymdar á snyrtingunni. Ræstivagninn verður fjarlægður af snyrtingu í júlí 2021.	Sigga Valdís/ Ketill Eignasjóði	Nóvember 2020	2. nóvember 2021	Lýkur í júlí 2021

Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd eru tveir starfsmenn, Guðrún Eiríksdóttir og Elín Hildur Jónsdóttir. Þær eru öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Leikskólinn tók nýlega í notkun ATVIK sem auðveldar stærri fyrirtækjum að grípa til forvarna og stuðla að úrbótum áður en slysin gerast. Í ATVIK eru skráðar ábendingar ef starfsmenn telja vera t.d fallhætta vegna bleytu á gólfi eða vegna mishæða á leikskólalóð. Slyss sem verða næstum því eru einnig skráð í gáttina en það getur verið t.d. ef starfsmaður rennur til í hálfu milli húsanna en slasar sig ekki. Kerfið veitir yfirsýn yfir vinnuslys og hættur á vinnustaðnum og hjálpar til við að greina tækifæri til úrbóta og auka þannig öryggi á vinnustaðnum. Starfsmenn eru hvattir til að skrá öll atvik og einnig ef þeir telja sig verða fyrir einelti, áreitni og ofbeldi. Forritið fyllir sjálfkrafa út tilkynningareyðublöð til Vinnueftirlitsins, Sjúkratrygginga Íslands og VÍS. Hægt er að nýta niðurstöðurnar til að endurskoða aðbúnað, persónuhlífðarbúnað, verkferla og öryggisfræðslu starfsmanna. Kerfið var tekið í notkun í janúar 2021 svo tíminn mun sýna okkur hversu vel forritið mun virka en öryggisnefnd og stjórnendur munu hafa aðgang að því. Eins og staðan er í janúar 2021 geta starfsmenn ekki ennþá sjálfir skráð inn í kerfið en munu skrá öll slys í Karellen en verkefnastjóri mun svo færa þær tilkynningar yfir í ATVIK.

Áhættumat

Í janúar 2021 var forritið ATVIK tekið í notkun þar sem starfsmenn eru beðnir um að skrá m.a. öll næstum því slys. Við áhættumat var tekið mið af vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins og lista um starfsumhverfi í leikskólum- eftirlitsáttak. Leikskólinn uppfyllir alla liði í vinnuumhverfisvísi en þó má gera betur í nokkrum liðum sem tilteknir eru hér fyrir neðan:

Starfsmenn hafa ekki verið hvattir nægilega til að stunda hreyfingu og heilbrigða lífshætti en allir fá mánaðarlegan heilsupistil frá heilsuvernd auk þess sem reglulega eru fyrirlestrar um heilsuþætandi efni eins og hvernig eigi að takast á við streitu. Síðasti fyrirlestur um streitu var í lok árs 2020 og fjallaði um streitustjórnun. Starfsmenn leikskólans frá hreyfingu ekki niðurgreidda hjá sveitarfélaginu en starfsmenn Framsýn og STH geta sótt um styrk. Starfsfólk hjá KÍ á ekki rétt á styrkjum.

Dúkar í húsnæði leikskólans eru víða orðnir slitnir og sumstaðar þannig að þeir banga upp eða eru rifnir. Það getur skapað slyshættu.

Ekki hefur verið regluleg þjálfun og fræðsla um vinnuvernd en starfsfólk er beðið um að nota þau léttitæki í húsinu sem eru til eins og tröppur við skiptiborð, stillanlega stóla og stóla í fataklefum. Starfsfólki er einnig bent á að halda ekki á börnum ef þess þarf ekki.

Gerð hefur verið loftmæling á efri hæð hússins sem kom ekki vel út og er það komið í ferli.

Hitastig í húsinu er almennt gott þó stundum sé gólfhitakerfið lengi að taka við sér. Á yngstu deildum eru þó köld rými sem árangurslaust hefur verið reynt að koma í lag.

Í leikskólanum skapast aðstæður iðulega þar sem hávaði er mikill. Börnunum er kennt að nota lága rödd inni en þegar margir koma saman verður of mikill hávaði. Hljóðvist hefur verið bætt að hluta með mottum, þykkum dúkum á borð, plastglösum og hljóðeinangrandi skilrúmum.

Smitleiðir snarlöguðust í COVID ástandinu og er það sameiginleg skoðun starfsmanna leikskólans að halda upp sömu sóttvörnum áfram. Sóttvarnir felast í því að þvo hendur oft og lengur með sápu, nota spritt á hendur og snertifleti auk þess að þrifa leikföng oft og hafa minna í boði.

Geymsla hættulegra efna eru í læstum rýmum innan leikskólans.

Aðgengi fyrir fatlaða gæti verið mun betra en í húsinu eru þröskuldar og aðgengi að húsinu mætti vera betra við gangstéttarbrúnir.

Yfir vetrartímam skapast reglulega hætta milli starfsmannahúss og leikskólans. Þá er það fallhætta vegna hálfu, grýlukerti og mikill snjór. Mokstur og allmenn hreinsun er þó betri en oft áður en finna þarf upp kerfi til að hákuverja á milli húsanna.

Búningsaðaða starfsfólks er lítil og rúmar ekki það sem þarf. Ekki hafa allir starfsmenn aðgang að skáp og ekki er þurrkaðstaða fyrir klæðnað starfsfólks. Þvottur leikskólans er þvegin í

leikskólanum en sú tillaga hefur komið upp að flytja þvottahúsið í Borgarhólsskóla og þannig myndi skapast rými fyrir búningaaðstöðu starfsfólks.

Ekki er boðið uppá heyrnarmælingu né heilsufarsskoðun fyrir starfsfólk og mörg ár eru síðan fræðsla um líkamsbeytingu og vinnutækni var í leikskólanum. Starfsfólki er boðið uppá að fara í flensuspauptu í boði leikskólans.

Úrbótaáætlun vegna áhættumats:

Matspáttur	úrbætur	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Staða
Starfsmenn hafa ekki verið nægilega hvattir til að stunda hreyfingu og heilbrigða lífshætti en allir fá mánaðarlegan heilsupistil frá heilsuvernd auk þess sem reglulega eru fyrirlestrar um heilsuþætandi efni eins og hvernig eigi að takast á við streitu. Síðasti fyrirlestur um streitu var í lok árs 2020 og fjallaði um streitu-stjórnun. Starfsmenn eru þó hvattir til að ganga til vinnu.	Minna starfsmenn Framsýnar og STH á að félögin styrkja líkamsrækt starfsfólks. Senda starfsfólki áminningu um það í byrjun skólaárs og um miðbik eða í janúar.	Trúnaðarmaður Gunnþórunn, Sigga Valdís	Janúar 2021	Á alltaf við	Á alltaf við.
Dúkar í húsnæði leikskólans eru víða orðnir slitnir og sumstaðar þannig að þeir bunga upp eða eru rifnir. Það getur skapað slyshættu.	Fara yfir húsnæðið með starfsmanni Eignasjóðs og fylgjast vel með hvort ástandið versnar.	Sigga Valdís	Er þegar hafið	Júlí 2024	Á alltaf við.
Rétt líkamsbeiting.	Starfsfólk er beðið um að nota þau léttitæki í húsinu sem eru til eins og tröppur við skiptiborð, stillanlega stóla og	Sigga Valdís	Á starfsdegi 2022. Skóladagatal ekki tilbúið og	Nóvember 2022	Ólokið

Ekki hefur verið regluleg þjálfun og fræsla um vinnuvernd	stóla í fataklefum. Starfsfólki er einnig bent á að halda ekki á börnum ef þess þarf ekki. Fá fyrirlestur hjá iðjuþjálfara eða sjúkraþjálfara á starfsdegi annað hvert ár.		Því ekki vitað nákvæmlega hvaða dagsetning.		
Loftgæði á efri hæð leikskólans.	Gerð hefur verið lofmæling á efri hæð hússins sem kom ekki vel út og er það komið í ferli. Fundað verður með deildarstjórum á efri hæð og í samvinnu þá útbúin áætlun um loftskipti yfir daginn. Mæla þarf loftgæðin yfir sumartímann og skoða í sumar hvort að það dugi að vera með plan um að opna glugga eða hvort einhvers konar tæknibúnaður er nauðsynlegur.	Sigga Valdís	Febrúar 2021	Desember 2021	Ólokið
Hitastig í húsinu.	Hitastig í húsinu er almennt gott þó stundum sé gólfhitakerfið lengi að taka við sér. Á yngstu deildum eru köld rými sem árangurslaust hefur verið reynt að koma í lag en þá eru notaðir litlir rafmagnsblástursofnar til að hita rýmið.	Sigga Valdís	Í vinnslu	Á alltaf við	Á alltaf við
Hljóðvist í leikskólanum skapast aðstæður iðulega þar sem hávaði er mikill. Börnunum er kennt að nota lága rödd inni en þegar margir koma saman verður of mikill hávaði.	Reynt hefur verið að bæta hljóðvist með mottum, dúkum á borð, plastglösum og hljóðeinangrandi skilrúmum. Stefnt er að því árlega að kaupa fleiri hljóðeinangrandi skilrúm.	Sigga Valdís	Í vinnslu	Desember 2024	Ólokið

Smitleiðir- smitvarnir	Smitvarnir snarlöguðust í COVID ástandinu og er það sameiginleg skoðun starfsmanna leikskólans að halda uppi sömu sóttvörnum áfram. Sóttvarnir felast í því að þvo hendur oft og lengur með sápu, nota spritt á hendur og snertifleti auk þess að þrifa leikföng oft og hafa minna í boði.	Sigga Valdís	Í vinnslu	Á alltaf við	Á alltaf við
Geymsla efna.	Geymsla efna eru í læstum rýmum innan leikskólans. Verkjatöflur eru hjá stjórnendum og þurfi börn að taka lyf í leikskólanum koma foreldrar með dagskammtinn á hverjum degi og ekki er tekið á móti stærri skömmtum. Farið er yfir þetta með starfsfólki á hverju skólaári.	Sigga Valdís	Nóvember 2020	Janúar 2021	Lokið
Aðgengi fyrir fatlaða Aðgengi fyrir fatlaða gæti verið mun betra en í húsinu eru þröskuldar og aðgengi að húsinu mætti vera betra við gangstéttarbrúnir.	Jóna Rún, starfsmaður í leikskólanum er í fötlunarráði og stefnt er að því að hún meti stöðuna betur með starfsmanni frá félagsþjónustu og skili skýrslu til leikskólastjóra.	Sigga Valdís/Jóna Rún	Nóvember 2020	Desember 2023	ólokið
Rýmingaráætlun	Í leikskólanum er rýmingaráætlun á deildum sem deildarstjórar bera ábyrgð á að fara yfir með starfsmönnum. Árlega hafa verið rýmingaræfingar en mikilvægt er að kynna rýmingaráætlun fyrir nýju starfsfólki og endurmeta hana að hausti.	Sigga Valdís	Mars 2021	Apríl 2021	ólokið

	Rýmingaráætlun þarfnast endurskoðunar.				
Gönguleiðir milli leikskólans og starfsmannahúss. Yfir vetrartímenn skapast reglulega hætta milli starfsmannahúss og leikskólans. Þá er það fallhætta vegna hálfu, grýlukerti og mikill snjór. Finna þarf upp kerfi til að hálfuverja á milli húsanna.	Mokstur og allmenn hreinsun hefur verið betri en oft áður. Salt er aðgengilegt í starfsmannahúsi og starfsfólk hvatt til að salta þegar hálfu er. Hengjur og grýlikerti eru hreinsuð af húsinu þegar við á af starfsmönnum áhaldahúss. Starfsfólk er hvatt til að vera í almennilegum skóbúnaði þegar það fer á milli húsa.	Sigga Valdís	Janúar 2020	Desember 2021	Ólokið
Búningaáætlun starfsfólks er of lítil og rúmar ekki það sem þarf. Ekki hafa allir starfsmenn aðgang að skáp og ekki er þurrkaðstaða fyrir klæðnað starfsfólks.	Þvottur leikskólans er þvegin í leikskólanum en sú tillaga hefur komið upp að flytja þvottahúsið í Borgarhólsskóla og þannig myndi skapast rými fyrir búningaáætlun starfsfólks. Finna verður lausn á auknu rými fyrir fatnað starfsfólks og verður það gert í samvinnu við Eignasjóð.	Sigga Valdís	Desember 2020	Desember 2023	Ólokið
Heilsufarsskoðun starfsfólks. Ekki er boðið uppá heyrnarmælingu né heilsufarsskoðun fyrir starfsfólk og mörg ár eru síðan fræðsla um líkamsbeytingu og vinnutækni var í leikskólanum.	Starfsfólki er boðið uppá að fara í flensuþráttu í boði leikskólans. Leikskólastjóri er að kanna möguleikann á að fá heilsufarsskoðun fyrir starfsfólk leikskólans.	Sigga Valdís	Janúar 2020	Desember 2023	Ólokið

Eftirfylgni að úrbótum loknum.

Vantar eitthvað hér?

Velferð leikskólabarna

Mikil ábyrgð hvílir á starfsfólki Grænuvalla að hlúa að öllum nemendum og veita þeim öryggi í daglegu starfi. Velferð barnanna er sameiginlegt verkefni foreldra og skóla en félagsleg staða nemenda og starfsmanna getur verið ólík. Það er mikilvægt að börnin njóti bernsku sinnar og eigi góðar minningar úr skóla.

Þegar fjallað er um velferð nemenda er horft til þriggja þátta, þeir eru:

- Félaglegt öryggi nemenda og að þeir séu metnir út frá eigin verðleikum.
- Tilfinningalegt öryggi nemenda sem finna væntumþykju annarra.
- Traust þar sem nemendur átta sig á að þeir geti treyst þeim sem eru að mennta þá.

Sýn leikskólans á velferð barna.

Leikskólinn starfar eftir uppeldisstefnu jákvæðs aga þar sem markmiðið er að börn læri að vera ábyrgðafullir og lausnamiðaðir einstaklingar sem allir hafa atkvæðisrétt í sínu samfélagi. Jákvæður agi hvetur bæði börn og kennara til að umgangast hvert annað af virðingu og tillitssemi. Hver og einn á að finna að hann tilheyrir og skiptir máli. Leikskólinn er í góðu samstarfi við foreldra og býður þeim m.a. reglulega upp á námskeið í jákvæðum aga. Þannig skapast uppeldislegt samræmi milli heimilis og skóla þar sem uppeldisaðferðir byggja á jákvæðni og uppbyggjandi samskiptum frekar en að ala börn upp í ótta við afleiðingar. sem veitir börnunum öryggi. Skólinn á einnig í góðu samstarfi við félagsþjónustu og barnavernd þaðan sem við fáum aðstoð þegar þurfa þykir. Á Grænuvöllum er starfrækt sérkennsluteymi sem skipuleggur og sér um kennslu, umönnun og gæðastundir fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda.

Réttur barna

Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Jafnrétti til náms þýðir að nemandi eru sköpuð bestu skilyrði á hans forsendum, óháð félagslegri og námslegri stöðu. Nemendur eiga að njóta styrkleika sinna og þeim á að leiðbeina til að draga þá fram. Nemandi sem stöðugt upplifir að verða undir og ná ekki settu marki finnur fyrir vanlíðan og vanmætti í skóla. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna.

[Samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003](#), á barn rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávalt hafa forgeng þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um [réttindi barnsins, nr. 18/1992](#), segir að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

[Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002](#), segir að allir sem hafi uppleiddi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Tilkynningarskylda

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, kennurum... skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. Mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein hengur framur áfæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“

Barnaverndarlög nr 80/2002 17. Gr

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grun- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

Um hvað er tilkynnt

Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi eða að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu. Nánari umfjöllun um þessa flokka er að finna aftast í verklagsreglunum. Hafa ber í huga að oft á tíðum er erfitt að tengja vanræksluna eða ofbeldið við eitthvert eitt atriði og ljóst er að ekki er unnt að nefna öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Því þarf ætíð að meta hvert tilvik sjálfstætt.

Hver tilkynnir og hvernig?

Á Grænuvöllum sér leikskólastjóri alltaf um að tilkynna til barnaverndar í nafni skólans. Ef starfsmann á deild grunar að tilkynna þurfi vegna barns ræðir hann það við deildarstjóra, deildarstjóri kemur þá að máli við leikskólastjóra sem svo tilkynnir til barnaverndar. Ef að deildarstjóri fer ekki með málið til skólastjóra þrátt fyrir grun starfsmanns, fer starfsmaðurinn sjálfur og ræðir við skólastjóra. Ef af einhverjum ástæðum, skólastjóri tilkynnir ekki til barnaverndar skal deildarstjóri sjá um það.

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni leiksskólans og að tilkynningin sé á ábyrgð hans en ekki einstakra starfsmanna. Leikskólinn nýtur ekki nafnleyndar og á alltaf að tilkynna til barnaverndar í því sveitafélagi sem barnið býr sem er í - Barnavernd Þingeyinga.

Þegar tilkynnt er um vanrækslu eða áhættuhegðun barns er oftast nær um að ræða ástand sem hefur varað í lengri tíma og hefur ekki breyst nægjanlega þrátt fyrir ábendingar og leiðbeiningar starfsmanna til foreldra.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að ræða ekki við barnið um það heldur hafa strax samband við barnavernd. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

Tilkynningin þarf að vera rökstudd. Oft á tíðum getur verið erfitt að meta hvort um vanrækslu sé að ræða eða ekki og stundum getur verið um einhverja tilfinningu að ræða sem mikilvægt er að fá aðstoð

við að skilja hvers vegna hefur vaknað. Í þessum tilvikum er unnt að hringja í Barnavernd og ræða tilvikið og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort tilkynna eigi um málið eða ekki.

Barnaverndarmál eru flokkuð á eftirfarandi hátt: vanræksla, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og að barn stefni heildu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun. Mörkin milli flokkana eru stundum óljós og ótal atriði er unnt að setja undir hvern flokk. Listann hér að neðan má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsmanni til að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Listi þessi er ekki tæmandi.

Vanræksla getur verið bæði andleg og líkamleg og felur í sér að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og sem hefur leitt til skaða á þroska þess eða er líklegt til þess. Vanræksla getur hafist strax á fósturstigi.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra, ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu o.fl.
- Vanræksla getur varðar umsjón og eftirlit barnsins eins og að það sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska eða að foreldrar eru ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna eigin áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns, t.d. að barn komi ítrekað í leikskólann án nauðsynlegs búnaðar og fatnaðs og ábendingar þess efnis til foreldra bera engan árangur.

Andlegt ofbeldi er oft erfitt að greina en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Það felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvæð viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðarar ímyndar barnsins.

- Andlegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Andlegt ofbeldi getur falis í algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.

Líkamlegt ofbeldi er ofbeldi sem beint er að börnum og hefur leitt til að barnið skaðist eða er líklegt til þess. Barnið getur borið merki ofbeldisins t.d. marbletti, brunasár eða beinbrot sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra eða ef útskýring verður ótrúverðug.

- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barnið er slegið, hrist, því hent til, brennt eða bundið.
- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barni er viljandi gefin hægguleg lyf eða annað sem skaðað getur barnið.

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni felur í sér kynferðislega athöfn gegn barni 15 ára eða yngra með eða án vilja barnsins.

- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða teknar myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að þuklað sé innan klæða á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í samförum við barn.

Áhættuhegðun barns felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska

- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn skaðar sjálft sig með því að veita sjálfu sér áverka
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn beitir aðra líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
<http://www.bvs.is/media/skjol/file755.pdf>

Netöryggi

SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökin Heimili og skóli hafa í samvinnu við mennta – og menningarmálaráðuneyti tekið saman [almenn viðmið um birtingu myndefnis, meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla](#). Viðmiðin gilda einkum um vefsíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs – og tómstundarstarfi.

Hægt er að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti í gegnum [ábendingalínu](#) Barnaheilla.

Á Grænuvöllum eru myndir sendar til foreldra í gegn um Karellen appið. Hver mynd er aðeins merkt þeim börnum sem á henni eru og því geta aðeins foreldrar þeirra barna sem merkt eru á myndum séð þær. Í upphafi skólagöngu skrifa foreldrar undir skjal þar sem þeir leyfa myndbirtingar af barninu á vefsíðu skólans.

Viðkvæmar upplýsingar eru sendar á milli í læstum skjölum.

Slysavarnir og líkamlegt öryggi

Forvarnir og fræðsla

Allir starfsmenn leikskóla þurfa að kunna skyndihjálp leikskólabarna og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara yfir og æfa reglulega viðbrögð við slysum og vá. Reglulega eru haldin skyndihjálpar námskeið á Grænuvöllum á vegum Rauða krossins.

Reglubundnar æfingar á viðbragðsáætlunum

Mikilvægt er að viðbrögð við ólíkum aðstæðum, s.s. alvarlegum slysum, eldi eða náttúruvá séu æfð reglulega. Með því að æfa mismunandi viðbragðsáætlanir reglulega verður þekking og færni starfsfólks meiri og betri, það eykur líkur á að unnt sé að bregðast fúmlaust við mismunandi aðstæðum.

Grunnupplýsingar barns vegna slysa og bráðaveikinda

Grunnupplýsingar um hvert barn er að finna í öryggiskössum á hverri deild. Í kössunum á hvert barn sitt spjald þar sem fram kemur nafn, kennitala, heimilisfang, nöfn foreldra, netföng og öll þau símanúmer sem mögulegt er að ná í foreldra í. Einnig eru upplýsingar um nánasta aðstandanda sem hægt er að hafa samband við ef ekki næst í foreldra. Þessar upplýsingar er einnig að finna í Karellen. Séu börn með óþol eða ofnæmi þarf að skila inn vottorði þess efnis sem endurnýja þarf árlega. Myndir og ofnæmisupplýsingar eru af börnunum á matarvögnunum og einnig inn á deildum.

Sjúkrakassar

Sjúkrakassar eru staðsettir á sitthvorum ganginum nálægt útidyrum út í garð. Í þeim er að finna plástra, skæri, sárabindi, teygjubindi, saltvatn og fleira til að nota við smáslysum. Sjúkrakassa er einnig að finna í rapporti og verkjalyf eru geymd á skrifstofu hjá stjórum.

Öryggisvörður sér til þess að allt sé til staðar í sjúkrakassanum og lætur endurnýja í honum þegar þess þarf.

Rýmingaráætlanir

Rýmingaráætlanir voru endurskoðaðar í janúar 2021 og er að finna hér aftar í skýrslunni. Rýmingaræfingar eru haldnar einu sinni á ári á Grænuvöllum í samstarfi við slökkvilið Norðurþings.

Öryggi í námsumhverfi

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans sé meðvitað um þá hættu sem steðjað getur að börnum í nánasta umhverfi s.s. af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp. Mikilvægt er að tilkynna öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um þær hættur sem starfsfólk verður vart við. Æskilegt er að reynt sé að koma í veg fyrir eins mikið og hægt er og gera áhættumat.

Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar, bæði í skólahúsnæðinu og á leikskólalóð. Ef starfsfólk þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita. Mikilvægt er að starfsfólk sé til staðar á öllum svæðum þar sem börn eru þannig er möguleiki á að afstýra slysum og ofbeldisatvikum.

Leikskóladeildir

Við skipulag og framkvæmd vinnuumhverfis og vinnuaðstæðna á leikskóladeildum skal taka mið af [Vinnuumhverfisvísi](#) Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum þeim umhverfisvísium, lögum og reglugerðum sem þar er getið. Í list- og verkgreinastofum s.s. útikennslustofum skal sérstaklega hugað að öryggiskröfum um velar, tæknilegan búnað, efnisnotkun, loftgæði og loftræstingu og aðgengi að fyrstu hjálp og taka mið af reglugerðum um [velar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009](#).

Ræsting

Almenn ræsting fer fram af ræstitækni eftir opnunartíma skóla kl 16:15, samkvæmt áætlun. Baðherbergi, deildir og ganga á að þrifa daglega, annað eftir áætlun. Ef þrifum er ekki sinnt á tilhlýðilegan hátt skal tilkynna það til skólastjóra sem sér um samskipti við viðkomandi þrífafyrirtæki.

Hljóðvist

Hávaði hefur ekki einungis áhrif á heyrn og nám. Þekkt er að hávaði valdi streitu og geti haft aðrar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega líðan barna og kennara. Til að meta áhrif hávaða á nám og líðan nemenda í skólum er mikilvægt að við reglulegar kannanir sé spurt sérstaklega út í hljóðviðst og vinnuaðstæður barna. Mikilvægt er að mælingar séu miðaðar við börn og aki sérstakt tillit til heyrnar- og hljóðnæmni þeirra sem og þeirrar starfsemi sem fram fer í leikskólanum. Mikilvægt er að miðað sé við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér nám. Ekki ernóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn. Mikilvægt er að allur búnaður sé keyptur með góða hljóðvist í huga. Á vef Umhverfisstofnunar eru [leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna](#) þar sem meðal annars má finna góð ráð gegn hávaða í umhverfi barna. Taka skal mið af viðmiðum í Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins varðandi hávaða. Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa gefið út handbókina [Kennsluumhverfið- hlúum að rödd og hlustun](#) sem nýta má við skipulagningu leikskólastarfs og umhverfis. Einnig er þar að finna lista yfir [hagnýt ráð](#) sem eru til þess fallin að draga úr hávaða, en ýmislegt er hægt að gera með litlum tilkostnaði.

Rödd og raddvernd

Kennarar þurfa að kunna á atvinnutæki sitt, röddina, og vita hvað getur skaðað það. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla þar fyrir. Reyndin er hins vegar sú að allt of of vinna þessir þrír þættir – rödd, hlustun og umhverfi – illa saman. Það er mikilvægt að starfsmenn fái fræðslu um raddbeitingu, hvað geti skaðað röddina og leiðir til að koma í veg fyrir raddvandamál. Til þess mætti t.d. nota [fræðslumyndband um raddvernd](#) og ráð til að draga úr raddþreytu og bækling um [raddheilsu kennara](#).

Matmálstímar.

Á matmálstíma, þegar heitur matur er á borðum, er mikilvægt að hugað sé að því að nægilega margt starfsfólk sé til staðar til að tryggja megi öryggi barna. Matarvagn skal vera staðsettur þannig að börn geti ekki togað matarílát yfir sig og börn ekki skilin eftir ein á borðum með heitum mat.

Húsgögn

Bókaskápa, skúffueiningar og hillur, óháð hæð þeirra á að festa við vegg. Algengt er að þessir innanstokksmunir séu notaðir til að afmarka leikrými í takmarkaðan tíma. Ganga þarf frá öryggi þeirra á viðeigandi hátt t.d. með því að setja festingar á skápana sem auðvelt er að losa. Sé um varnalega staðsetningu slíkra innanstokksmuna að ræða á að koma fyrir festingu á veggjum. Slíkur frágangur er mikilvægur í tilvikum jarðskjálfta og ekki síst ef barn klifrar upp á skáp. Æskilegt er að velja skilrúm sem eru stöðug eða festa þau við vegg eða gólf. Stólar og borð eiga að vera stöðug. Ef þau eru völt eða hlutar þeirra farnir að losna er mikilvægt aðstrax sé gert við þau til að koma í veg fyrir slys.

Mikilvægt er að beisli séu í öllum háum stólum við batarborð og að börn noti beisli í samræmi við þroska og aldur.

Til að koma í veg fyrir köfnunarslys er mikilvægt að strax sé gert við eðaskipt um áklæði á svampdýnum og sessum þegar það slitnar en börn plokka gjarnan svampinn og setja í munninn.

Hurðir, hurðarpumpur og klemmuvarnir

Mikil klemmuhætta fylgir útidyrhurðum í leikskólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðarpumpur séu á öllum útidyrhurðum leikskólans og eftirlit sé með því að pumpurnar virki eins og til er ætlast.

Klemmuvarnir eiga að vera á öllum hurðum þannig að börn geti ekki óvart stungið fingri í fals á hurð og lokað henni þannig að slys hljótist af. Hurðastoppa á að setja fyrir ofan hurð en ekki niður við gólf.

Gluggar og gluggakistur

Mikilvægt er að opnanleg fög, sem eru í hæð barna séu með öryggislæsingum. Öryggislæsingin verður að vera stillt með þeim hætti að gluggaopið sé ekki meira en 9 cm. Velja þarf stormjárn sem ekki eru hættuleg börnum. Varast ber stormjárn með skörpum brúnum.

Víða í leikskólanum eru rafmagnsstokkar í gluggakistunum og er mikilvægt að börn séu ekki að klifra í þeim þar sem stokkarnir geta brotnað af veggjunum. Á veggjum þar sem gluggar ná niður í gólf þarf að setja öryggisgler. Gardínubönd geta vafist um háls barnanna og þrengt að öndunarvegi. Ganga þarf frá böndunum þannig að börnin nái ekki í þau og að þau séu þannig úr garði gerð að þau slitni við ákveðið átak.

Blöndunartæki og heitt vatn

Hitastýrð blöndunartæki, með heitu vatni sem að hámarki verður 38°C eiga að vera á öllum handlaugum og sturtum í leikskólanum til að koma í veg fyrir að börn brenni sig á heitu vatni.

Fataklefar

Hvert barn á sér hólfi í fataklefunum. Það er með grind fyrir skó, snaga fyrir föt og hilli efst fyrir aukaföt. Gólfið á að vera laust við föt og skó til að minnka fallhættu. Varast ber að setja þunga hluti eins og bílstóla upp í hólfin þar sem hætta er á að börnin tugi slíkt yfir sig. Á upplýsingatöflum skal passa upp á að seglar séu það stórir að þeir passi ekki í kokhólk.

Stigar og tröppur

Tveir stigar eru upp á efri hæð Grænuvalla. Þeir eru með handriðum bæði fyrir börn og fullorðna og efst í þeim eru hlið til að minnka líkur á að börn falli niður. Gæta þarf þess að þrep séu ekki hál. Gæta þarf vel að því að ekki sé notað bón sem skapar hálfu eða sápur og rykmoppur se innihalda mikla olíu.

Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða

[Samkvæmt reglugerð um hollustuhætti](#) eiga salerni og handlaugar að vera við hæfi barna. Setur á salernum í leikskólum að eiga að vera léttar eða með hæglokun. Ganga þarf frá hurðum á skilrúmunum á þann hátt að börn geti ekki klemmt sig. Til að koma í veg fyrir klemmuslys er hægt að hafa bil sem ekki má vera minna en 8 mm og ekki meira en 25mm. Handlaugar eru í hæð barnanna inn á deildum en á salernum á göngum eru þær hærrí. Þar eiga að vera lágir kollar svo börnin ná vel upp í handlaugarnar.

Skiptiborð eiga að vera staðsett þannig að börn geti ekki náð til hættulegra hluta. Gæta þarf að því að skiptiborð séu traust og stöðug. Öruggt skiptiborð hefur að lágmarki 10 cm til að koma í veg fyrir að barn detti fram af því. Ef notuð er skiptidýna úr plasti ber að skipta henni út ef hún er farin að rifna þar sem hætta er á að barn komist í svampinn innan í henni og kafni. Þar sem tröppur eru upp á skiptiborð þarf að tryggja að börn komist ekki í þær án eftirlits.

Speglar og myndir

Allir speglar í leikskólum skulu vera límdir á spjald sem fest er á vegginn eða vera úr óbrjótanlegu gleri þannig að ef þeir brotna þá kemur sprunga en glerbrotin frá þeim detta ekki yfir börnin.

Eldhús

Í skólaeldhúsum er mikið af hættulegum hlutum s.s. tæki til matreiðslu og beittir hnifar. Því er mikilvægt að hægt sé að loka eldhúsinu. Börn eru velkomin í eldhúsið með kennurum að sækja mat, en eiga að standa fyrir aftan línur sem settar hafa verið á gólfið, þannig ná þau ekki í nein hættuleg tæki.

Eiturefni

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni eiga að vera í læstri geymslu og ganga þarf þannig frá að börn hafi ekki aðgang að þeim. Mikilvægt er að starfsfólk þekki [varnaðarmerkingar á umbúðum](#).

Ef plöntur eru í skólanum ber að ganga úr skugga um að þær séu ekki eittraðar. [Hér má finna lista yfir eittraðar plöntur](#).

Rafmagnsöryggi

Samkvæmt [byggingarreglugerð nr 112/2012](#) skulu vera lekastraumsrofar (lekaliðar) í öllum byggingum. Lekastraumsrofi er öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir rafmagnsslys. Rík krafa er gerð til rafmagnstækja og öryggis þeirra. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúður þeirra trosna er mikilvæg að slíkt sé lagað. Flestar innstungur eru með öryggislingum sem kemur í veg fyrir að börn geti stungið hlutum inn í þær og komist þannig í snertingu við rafmagn. Slíkar innstungur þurfa ekki frekari öryggisbúnað. Aðrar innstungur og fjöltengi þurfa innstunguhlífar sem fást m.a. í Ikea. Ef innstungur brotna eða losna frá vegg er nauðsynlegt að gera við þær strax. Ekki má nota fjöltengi sem eru brotin eða snúran eða klóin farin að skemmast.

Kerti og eldfim efni.

Notkun kerta með lifandi eldi er bönnuð í leikskólanum. Í staðinn eru batterískerti inn á deildum sem eru m.a. notuð þegar haldið er upp á afmæli. Þegar matreitt er í útikennslu við opinn eld skal þess

gætt að starfsmaður sé við eldinn allan tímann sem hann logar. Einnig skal þess gætt að slökkt sé í öllum glæðum áður en svæðið er yfirgefið. Eldspýtur og kveikjara skal geyma í læstum hirslum.

Salurinn

Þegar salurinn er notaður fyrir hreyfingu er mikilvægt að hafa sem minnst af húsgögnum eða öðrum búnaði sem börn geta hlaupið á eða geta fallið yfir þau. Þegar börn eru í hreyfileikjum þarf starffólk að vera til staðar og grípa inn í ef börn sýna af sér hættulega hegðun.

Hafa skal í huga

- Tryggja þarf að rimlar séu tryggilega fester við vegg
- Nota falldempandi dýnur undir rimlum
- Myndir á veggjum skal festa þannig að ekki hljótist hætta af ef bolti eða aðrir hlutir sem notaðir eru rekast í þær.
- Mikilvægt er að allur búnaður sé rétt notaður og hæfi aldri barnanna sem eru að nota hann.
- Mikilvægt er að búnaður hæfi réttum aldri. Einnig er mikilvægt að leiðbeiningar um viðhald búnaðar séu virtar.
- Sippubönd og önnur bönd geta valdið alvarlegum slysum og því mega börn aldrei vera eftirlitslaus þegar þau eru að leika með slíkan búnað.

Námsgögn og leikföng

Við val á leikföngum verður að hafa í huga að þau hæfi aldri og þroska þeirra barna sem koma til með að nota þau. Mikilvægt er þá skoða viðvörunarmerkingar vel og fara eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Leikföng/tæki skulu uppfylla [kröfur reglugerðar um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014](#) og vera CE merkt. Starfsfólk leikskóla skal framkvæma reglubundið eftirlit með leikföngum/tækjum samkvæmt gátlista sem leikskólinn útbýr. Skemmd leikföng skal taka úr umferð.

CE merkingar

Leikföng sem ætluð eru börnum yngri en 14 ára eiga að vera CE merkt. CE merking vöru gefur til kynna að varan uppfylli þær lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd sem settar eru fram í Evróputilskipunum sem gilda hér á landi. CE merkið er ekki öryggis- eða gæðastimpill heldur til staðfestingar á því að leikfangið uppfylli kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar samkvæmt CE staðli.

Leikföng fyrir 0-3 ára

Leikföng sem kunna að vera hættuleg börnum yngri en þriggja ára (36 mánaða) skulu vera með viðvörun þar að lútandi ásamt ábendingu um hættuna sem viðförunin lýtur sérstaklega að og upplýsingum um hvernig eigi að bregðast við þeirri hættu. Aldursviðvörunarmerking á að vera á leikfanginu sjálfu eða á umbúðum þess og ætti merkingin að vera myndræn (sjá mynd hér að neðan) eða í textaformi t.d.: Viðförun! Hæfir ekki börnum yngri en þriggja ára!

Þetta merki má sjá á leikföngum og á umbúðum leikfanga sem ekki eru við hæfi barna yngri en þriggja ára. Leikfanginu fylgja smáhlutir sem geta valdið köfnunarhættu ef þeir lenda í munn barns.



Kokhólkur

Hafa skal í huga að ung börn stinga hlutum upp í sig. Nota skal kokhólk til að mæla smáhluti sem geta valdið köfnun hjá börnum. Kokhólkur er mælitæki sem notað er til að mæla stærð smáhluta sem getur

valdið köfnun hjá yngri börnum. Kokhólkar eru á yngri deildum leikskólans. Sjá nánar á [vef Neytendastofu](#).

Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum

Fyrir börn á leikskólaaldri þarf að velja leikföng sem þau ráða við, sérstaklega hvað varðar stærð, hraða og jafnvægi. Forðast ætti leikföng og leiktæki sem ná miklum hraða.

- Gæta þarf sérstaklega að því að leikföng hafi ekki hvassar brúnir eða hvöss horn.
- Varast ætti leikföng eða aðrar vörur sem líkjast matvælum.
- Á brúðum og tuskudýrum eiga augu, nef, hár, hnappar og aðrir smáhlutir að vera vel festir þessir hlutir eiga einnig að þola þvott.
- Snúrur og bönd á leikföngum mega ekki vera lengri en 22 cm
- Teygjubönd föst við leikföng, t.d. bolta, mega ekki vera lengri en 3 cm.
- Ef límmiði er festur á leikfang, er mikilvægt að ganga úr skugga um að börn geti ekki náð honum af og stungið honum upp í sig.
- Ef leikfang inniheldur smárafhlöðu þarf lokið yfir rafhlöðuna að vera tryggilega fest, þar sem rafhlaða sem losnar getur valdið köfnunarhættu. Slíkar rafhlöður innihalda einnig eitrefni sem geta verið ætandi (sáramyndandi) í meltingarvegi.
- Blöðrur eru ekki æskilegar fyrir börn yngri en átta ára. Ef blaðra springur þarf að gæta að því að henda öllum hlutum hennar. Álblöðrur eru hættuminnien latex blöðrur.
- Leikföng sem gefa frá sér á og hvell hlóð eiga að vera með viðvörðunarkerkinguþess efnis að leikfangið eigi ekki að bera upp að eyra, þar sem það geti skaðað heyrn.
- Mikilvægt er að leikföng séu sterkleg. Börn yngri en þriggja ára þurfa leikföng sem þola mikið hnjask. Leikföng úr harðplasti skal velja vel en sum þeirra geta brotnað auðveldlega.
- Búningar og leikföng ættu ekki að vera úr eldfimu efni.
- Segulleikföng skulu vera sterkbyggð og þannig úr garði gerð að seglarnir losni ekki ef þeim. Ef barn gleypir fleiri en einn segul þá leita þeir hvorn annan uppi og geta og geta festst saman í maga eða þörmum með alvarlegum afleiðingum. Á umbúðum leikfanga með segli á ða vera viðvörðun se mvara við hættunni ásamt aldursviðvörðun.

Leikföng og annað að heiman

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla fylgist með því sem börn hafa með sér að heiman s.s. smátót eða annað. Taka allt úr umferð sem getur skapað hættu fyrir börn. Æskilegt er að leikskólar setji sér reglur varðandi leikföng og annað sem kemur af heimilum barna.

Trampólín

Mikilvægt er að lesa vo og geyma leiðveiningar um rétta notkun trampólína innandyra. Trampólín eru framleidd fyrir mismunandi aldur barna og ekki er æskilegt að börn á öðrum aldri en fram er tekið í leiðbeiningum framleiðenda noti trampólínið.

Trampólín á að vera stöðugt með góðum traustum gúmmítöppum á fótum. Ef þeir losna eða eyðileggjast þarf að laga þá strax. Gormar eiga að vera stífir. Ef þeir eru farnir að losna og verða slappir þarf að laga þá eða að skipta þeim út fyrir nýja. Mjúkur kantur á að vera utan um gormana. Ef hann fer að slitnaþarf að skipta honum út fyrir nýjan. Dúkurinn á að vera heill. Ef komið er á hann get eða hann byrjaður að trosna þarf að skipta honum út stras. Ef hægt er að leggja trampólín saman þarf að tryggja að festingarnar séu traustar. Ef trampólín bilar eða brotnar þarf að taka það strax úr umferð.

Holukubbar

Holukubbar eru þungir holir trékubbar sem ætlaðir eru fyrir skapandi leik. Börn ættu aldrei að vera ein að leik með holukubba sökum þess hve þungir þeir eru. Kubbarnir hafa valdið slysum þegar þeir hafa fallið á fætur eða höfuð barna. Mikilvæg er að kenna börnum rétta umgengni vð kubbana, bæði í leik og við frágang þeirra. Gæta skal þess að undirlag undir kubbum sé til þess gert að draga úr hávaða sem kubbarnir valda.

Námsumhverfi úti

Um öryggi á leikskólalóðuðm gildir [reglulegð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr 942/2002](#). Reglugerðin tekur á öllum þáttum er lúta að öryggi barna.

Hafa skal í huga:

- Hindra þarf að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Tryggja þarf góða lýsingu á leiksvæðum.
- Mikilvægt er að haga frágangi á grindverki og hliðum á lóðum leikskólans þannig að börnum stafi ekki hættu af.
- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er [öryggisvísir leiksvæða](#) sem gagnlegt er fyrir leikskólastjóra og rekstarraðila að kynna sér. Um frágang, viðhald og sandskipti skal fara eftir sama öryggisvísi.

Lýsing

Í kring um leikskóla og á öllum leiðum að leikskóla, hvort heldur er frá bílastæði eða göngustígum þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum, samkvæmt [umferðarlögum nr. 50/1987](#) skal birta á umferðarleiðum bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geta slyshættu. Mikilvægt er að skipta um bilaðar perur strax og lagfæra ljós sem hafa bilað.

Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járni

Ef girðingastaurar ljósastaurar og hlið eru úr járni, t.d. galvaniseruð þarf að mála þau upp í 1,5 m hæð því annars er hættu á þ börn geti fest við þá tungu eða fingur í frosti. Gagnlegt getur verið að mála alla staura í áberandi lit til að sjónskertir sjái þá.

Ruslaskýli, tunnur og gámar

Huga ber að því að ruslatunnur sem staðsettar eru upp við leikskólabyggingar geta haft ákveðna hættu í för með sér svo sem brunahættu vegna íkveikju í rusli eða fallhættuf börn nota þær til að komast upp á byggingar.

Umferð og bílastæði við leikskólalóð

Þegar barn byrjar í leikskóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum barnsins aðkomu umferðar að leikskólanum Slíkt felur í sér forvernir og dregur úr líkum á ða hættu skapist vegna umferðar á álagstímum. Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í leikskóla komist þangað á öruggan hátt gangandi,

hjólandi eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegrenda sé aðskilin eins og hægt er.

Æskilegt er að bílastæði við skóla sé staðsett við skólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir starfsfólk og foreldra. Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við skóla með bættri hönnun umferðamannvirkja og liðsinni lögreglu.

Göngustígar og gangstéttir

Göngustígar og gangstéttir eiga að vera með sétt yfirborð. Ef meira en 2 cm mishæð er til staðar er hætta á falli. Ef hættulegar misfellureru komnar í gangstéttir eða göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst.

Niðurföll á göngustígum og gangstéttum eiga að vera

- Í sömu hæð og göngustígurinn.
- Í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi.
- Með viðeigandi loki sem snýr rétt.
- Mikilvægt er að gert sé strax við stífluð niðurföll. Ef lok vantar á niðurföll eða það snýr öfugt er mikilvægt að laga það strax.

Hálka

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum í kring um skóla. Skýr verkaskipting þarf að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvörnir varðar. Áður en starfsemi hefst á morgnanna þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur. Þar sem því verður við komiðættu gönguleiðir að skólabyggingum að vera hálkvarðar t.d. með hita undir gangstéttum/göngustígum. Ef ekki er hiti er mikilvægt að rekstaraðili leikskóla sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstaraðili geri leiðbeiningar um hálkuvörnir í samvinnu við leikskólastjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær séu virkjaðar.

Leikvallatæki

Leikvallatæki þurfa að uppfylla kröfur reglugerðar um [öryggi leikvallatækja og svæða og eftirliti með þeim nr 942/2002](#).

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla kynni sér fyrir hvaða aldurshópa tækin eru hönnuð. Ef leiktæki á leikskólalópð hæfir ekki aldri ákveðins hóps barna er mikilvægt að þess sé gætt að þau leiki sérekki í því.

Í ofangreindri reglugerð kemur fram að:

- Fylgja þarf leiðbeiningum framleiðenda um viðhald á leikvallatækjum.
- Rekstaraðili er ábyrgur fyrir að framkvæma reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í Innra eftirlitinu þarf að tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða á ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum er lokið. Mlæt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Ábyrgðaraðili innra eftirlits gerir rekstaraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstaraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Á heimasíðu Umhverfisstofunar er að finna upplýsingar og handbækur um skoðanir leiksvæða og leikvallatækja. Þar eru einnig [tillögur að gátlistum](#) fyrir reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.

Eftirlit

Eftirlit með leikvallartækjum og leiksvæðum skal vera í samræmivö kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I með reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr 942/2002](#). [Neytendastofa](#) hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi.

Um málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum lagam öryggi vöru og [opinbera markaðsgæslu nr.134/1995](#).

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

Innra eftirlit

Í reglugerð um [öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#) segir á þessa leið:

- Í starfsleyfi skal heilbrigðisnefnd gera kröfu um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum.
- Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST En 1176.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning.
- Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum er lokið.
- Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstarskoðun og aðalskoðun, sbr. Ákvæði í viðauka III í reglugerðinni.
- Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.
- Rekstaraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Með hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits ætti að vera ábyrgðaralili sem gerir reksraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Reksraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Eftirlit starfsmanna

Í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 94/2002 segir að reglubundna yfirlitsskoðun geti þurft að framkvæma daglega í skólum allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax þær hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja, slitnir hreyfihlutir, flísar, útstandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Markmiðið með skoðuninni er fyrst og fremst að tryggja öryggi barna á lóðinni. Mikilvægt er að framkvæma skoðun á lóð daglega áður en börn fara út að leika sér.

Efirfarandi atriði þarf að skoða:

- **Hálka:** Salta eða sanda hála bletti. Athuga hálku á yfirborði leiktækja. Ef ekki er hægt að hálkuverja með góðu móti þarf að meta hvort lóðin sé hæf til útiveru.
- **Lýsing:** Kanna hvort unnin hafa verið skemmdarverk á lýsingu lóðar eða hvort perur hafi sprungið. Ef svo er þarf að tilkynna það strax til aðila sem sér um viðhald lóða.
- **Rusl:** Mikilvægt er að allt rusl sé fjarlægð.

- **Leiktæki:** skoða þarf leiktæki til að kanna hvort þau séu skemmd. Ef svo er þarf að tilkynna það strax til skólastjóra/öryggisfulltrúa sem sér um að koma viðgerðarbeiðni til skila. Ef ekki tekst að lagfæra tækin þarf að girða þau af svo börn fari ekki í þau.
- **Undirlag:** Skoða þarf undirlag undir tækjum. Ef möl er notuð sem fallundirlag skal kanna hvort aðrir aðskotahlutir hafi borist í mölina og fjarlægja strax sé þess þörf. Þar sem möl er notuð sem öryggisundirlag myndast oft hola t.d. undir rólum. Til að öryggisundirlagið virki þarf að raka mölina reglulega.
- **Gangstéttir:** sópa þarf gangstéttir reglulega, möl sem berst upp á gangstéttir getir valdið slysum á börnum, foreldrum og kennurum.
- **Vatnssöfnun:** Kanna þarf hvort pollar hafi myndast á lóðinni. Ef niðurföll stíflast þarf að tilkynna það til skólastjóra/öryggisvarðar. Gæta þarf að að börn séu aldrei ein að leik við polla. Börn undir 4 ára geta drukknað í 2-5 cm djúpum polli. Það tekur barn enungis eina og hálfu mínútu að drukkna við slíkar aðstæður.
-

Öryggi í ferðum á vegum leikskólans

Rútuferðir þarf að skipuleggja í samráði við foreldra. Tryggja þarf að í bifreiðinni sé viðeigandi öryggisbúnaður. Mikilvægt er að tryggt sé að allir fái sitt sæti í rútnni svo þau geti notað öryggisbúnað. Í [reglugerð um notkun öryggis og verndarbúnaðar í ökutækjum nr 348/2007](#) er að finna allar upplýsingar um hvernig tryggja skuli börnum öryggi í ökutækjum.

Tillaga að skipulagi við undirbúning ferða á vegum skóla:

- Einn starfsmaður er ábyrgðarmaður í ferðinni.
- Ábyrgðarmaður:
 - hefur lista yfir öll þau börn sem eru í ferðinni og upplýsingar um aðstandendur þeirra (t.d. afrit af grunnupplýsingum um barn vegna slysa og bráðaveikinda).
 - ber ábyrgð á að fyrstahjálptaska sé með í ferðinni.
 - þarf að vita nákvæma staðsetningu hópsins hverju sinni ef upp koma veikindi eða slys og hringja þarf í 112 eða foreldra.
 - Hefur farsíma með í för.
 - Telur börn í upphafi ferðar og þegar farið er til baka.
- Tryggja þarf að fjöldi starfsfólks sem fer með sé nægilegur.
- Tryggja þarf eftirlit með öllum börnunum. Hver starfsmaður getur haft ábyrgð á litlum hópi barna.
- Börn eiga að vera í endurskinsvestum í ferðum.
- Passa að börnin séu rétt búin fyrir ferðina við að við aðstæður og lengd ferðar.
- Mikilvægt er að passa að börnin verði aldrei viðskila við starfsfólk.

Akstur með börn í bílum starfsmanna

Þegar barn slasast lítilliga í leikskólanum þannig að það þurfi að fara á heilsugæsluna má það, með samþykki sem foreldrar gefa í upphafi skólagöngu þess, fara í einkabíl starfsmanns upp á heilsugæslu ef ekki næst í foreldrana. Það er háð þeim skilyrðum að bíllinn sé útbúinn þeim öryggisbúnaði sem barnið þarf á að halda. Ávallt ættu tveir starfsmenn að fara með barninu, annar sem keyrir bíllinn og hinn sinnir barninu á meðan.

Slys

Hér á landi verða alvarlegustu slysin á eða við heimili barna og má þar nefna að alvarlegustu brunaslysin verða á eða við heimili barna á leikskólaaldri. Hægt er að skoða lur um fjölda slasaðra eftir aldri og kyni á vefsíðu [Embættis landlæknis](#)

Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur

Starfsfólk leikskóla hefur ekki heimild til að meðhöndla áverka, slíkt er í höndum lækna, hjúkrunarfræðinga og þeirra sem öðlast hafa til þess sérstakt leyfi. Hlutverk starfsfólks leikskóla, þegar slys ber að höndum, er að greina, koma í veg fyrir frekara líkamlegt tjón og koma barni til læknis en það er skylgreint sem skyndihjálp. Á vefsíðunni [skyndihjalp.is](#) sem er á vegum Rauða kross Íslands má finna stuttar og hagnýtar leiðbeiningar fyrir almenning um hvernig bregðast megi við ýmsum slysum og veikindum. Leiðbeiningarnar henta vel þegar rifja skal upp aðferðir skyndihjálpar t.d. þegar komið er að umferðarslysi, einstaklingi sem hlotið hefur áverka á höfði, beinbrot eða hjartaáfall.

Hafa ber í huga að:

- Skyndihjálp er veitt út frá mati á ástandi barnsins og því haldið áfram þangað til sjúkrabíllinn er kominn.
- Í þeim tilfellum þar sem viðkomandi ræður ekki einn við að veita skyndihjálp óskar hann eftir aðstoð nærstaddra.
- Þegar enginn er til aðstoðarverður viðkomandi að reyna sitt besta og bíða rólegur þangað til sjúkrabíllinn kemur.

Að koma ró á svæðið – Hinn slasaði gengur alltaf fyrir

Þegar varlegt slys verður í leikskóla eða í ferðum á vegum hans er ekki óeðlilegt að það myndist ringulreið meðal starfsfólks og barna. Til þa draga úr líkum á að slíkt ástand skapist er mikilvægt að leikskólar hafi viðbragðsáætlun og æfi hana reglulega.

Fyrstur á slysstað

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slysstað taki yfir stjórnina hafi hann lokið námskeiði í skyndihjálpi ef ekki kallar hann til næsta yfirmann. Auk þess þarf hann að:

- Meta ástand þess slasaða út frá sinni kunnáttu í skyndihjálpi.
- Afla upplýsinga frá hinum slasaða eða vitnum
- Meta hvort hringja eigi í **Neyðarlínu 112**.
- Veita skyndihjálp.
- Meta hvoert þörf sé á aðstoð annarra starfsmanna.

Fjögur skref til skyndihjálpar

- Tryggja öryggi og koma þannig í veg fyrir frekara slys.
- Meta ástand hins slasaða til að greina hvort um lífshættulegt ástand er að ræða eða ekki. Aðstæður á vettvangi og umkvartanir slasaðra gefa strax góða mynd af ástandinu.
- Kalla til hjálpar, hringja í **Neyðarlínuna 112**.
- Veita viðeigandi skyndihjálpar á rólegan og yfirvegaðan hátt.

Greiningarstig áverka

- 1. Lægsta stig:** Minniháttar skrámur og skurðir sem ekki þarfnast meðferðar á heilsugæslustöð eða slysadeild. Sár sem starfsmaður má meðhöndla og setja á einfaldar umbúðir. Dæmi: grunnt klór, kæling á kúlu, skolun á sandi úr auga.
- 2. Miðstig:** Áverki sem starfsmaður metur að þarfnist meðferðar á heilsugæslustöð. Áverkinn er þess eðlis að foreldrar/forsjáraðilar geta farið með barnið á heilsugæslustöð eða til tannlæknis. Dæmi: handleggsbrot, skurðir sem þarfnast sauma, tannáverkar, heilahristingur. Þó þessir áverkar þarfnist ekki í fyrstu sjúkrabíls geta þeir breyst í alvarlegt stig ef ástand barns versnar skyndilega. Það þarf starfsmaður að geta metið strax og hringt í **Neyðarlínuna 112**. Leiki vafi á alvarleika áverka skal kalla til sjúkrabíl.
- 3. Alvarlegt stig:** Áverkar sem falla undir þetta eru t.d. stórir brunar, meðvitunarleysi vegna höfuðáverka eða annarra hluta, fótbrott/lærbrot, aðskotahlutur í öndunarvegi, hjarta og öndunarstopp. Mikilvægt er að starfsmenn bregðist fumlaust við og meti alvarleika ástandsins **strax**, virki **viðbragðsáætlun**, hefji viðeigandi skyndihjálparmeðferð og hringi strax í **Neyðarlínuna 112**.

Hringt á sjúkral og sjúkrakassi sóttur

- Ef hringja þarf í sjúkrabíl er best að fá einhvern nærstaddan til að hægt sé að vera áfram hjá barninu, það veitir því öryggi.
- Í þeim tilfellum þar sem ástandið er lífshættulegt (hjarta- og öndunarstopp, meðvitundarleysi eða köfnun) enginn nærstaddur verður starfsmaður sjálfur að hringja í **Neyðarlínuna 112**.
- Mikilvægt er að sá sem hringir geti gefið allar upplýsingar, **H-in 3 – Hvar?, Hver?, Hvað?**
- Ef nauðsynlegt að nota gögn úr sjúkrakassa má biðja þann sem fór í símann að taka hann með á bakaleiðinni. Ef það þolir ekki bið er mikilvægt að annar nærstaddur sé sendur að ná í sjúkrakassann.

Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna 112

Það er grundvallaratriði að allir starfsmenn leikskólans kunni ða hringja í Neyðarlínuna. Hér á landi er einn neyðarnúmer fyrir sjúkrabíl, lögreglu og slökkvilið. Neyðarnúmerið er **112. EINN EINN TVEIR** en ekki **hundrað og tólf**.

Athugið ef hringt er úr heimasíma birtist strax á skjá neyðarlínunnar hvaðan hringt er þ.e.a.s. nafn leikskólans og heimilisfang. Ef hringt er úr farsíma kemur staðsetning símans ekki upp hjá skjá Neyðarlínunnar.

Mikilvægt er að sá sem hringir í 112 gefi þeim sem svarar yfirlit yfir ástandið á fyrstu 30 sekúndum samtalsins en það eru H-in þrjú:

- **H – HVAR VARÐ SLYSIÐ? NAFN LEIKSKÓLANS, HEIMILISFANG OG NÁKVÆMARI STAÐSETNING Á BARNI** (mikilvægt að taka fram ef barnið er úti á lóð og þá hver, sérstaklega þar sem lóðir eru stórar)
- **H- HVER ER ÞAÐ SEM HRINGIR** (kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr leikskólanum).
- **H-HVAÐ KOM FYRIR, ALDUR OG KYN, HVER ER LÍÐAN VIÐKOMANDI** (dæmi: hinn slasaði heitir Jón Jónsson og er fimm ára, hann féll úr rólu og er mögulega fótbrottinn).

Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað

Mikilvægt er að færa börn af svæðinu sem fyrst þannig að þau þurfi ekki að horfa upp á slasaða barnið. Starfsfólk kannar hvaða börn urðu vitni að slysinu. Það þarf að tala sérstaklega við þau undir rólegum kringumstæðum og útskýra á sem einfaldastan hátt og út frá þroskaforsendum þeirra hvað gerðist,

hvert var farið með þann slasaða og hver útkoman var. Útskýra þarf fyrir öllum börnum leikskólans hvað gerðist og mikilvægt er að börnin fái réttar upplýsingar. Lítil börn úlka hluti eins og þau sjá þá en niðurstaða túlkunar þeirra er oft röng og ekki óeðlilegt að þau verði hrædd vegna þess sem þau horfðu upp á og skilja ekki. Því er mikilvægt að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um þetta og taki strax á málum til að draga úr hræðslu þeirra.

- Tryggja þarf að ekkert barn telji sig ábyrgt fyrir því sem gerðist og sitji uppi með sektarkennd. Ábyrgðin er alltaf hjá hinum fullorðnu.
- Í þeim tilfellum þar sem um lífshættulega áverka er að ræða og tvísýnt er um úkomu hjá slasaða barninu er mikilvægt að áfallaráð virkist.
- Ef slasaða barniðr fjarverandi í einhvern tíma er mikilvægt að leyfa félögum þess í leikskólanum að fylgjast með framvindu mála. Það er einnig mikilvægt fyrir barnið sem er slasað að vera í sambandi við leikskólafélagana með bréfasendingum, myndsímtölum eða öðrum hætti.
- Í tilfellum þar sem sjúkrabíll hefur verið kallaður til er algengt að lögregla komi einnig með. Það getur valdið ótta hjá börnum, því er nauðsynlegt að að útskýra vel í hvaða tilgangi lögreglan kemur. Ef því verður við komið er æskilegt að lögreglan komi inn á deild til barnannaog kynni sig og spjalli við þau.
- Mikilvægt er að láta foreldra vita áður en þeir sækja börnin á leikskólann að kalla hafi þurft til sjúkrabíl og skýra frá helstu staðreyndum. Börn vilja gjarnan tala um það sem þau hafa upplifað og því er mikilvægt að foreldrar hafi réttar upplýsingar til að geta rætt við börn sín og hjálpað þeim að jafna sig á því sem þau upplifðu.

Tilkynningar til foreldra um slys á barni

Slys sem ekki eru talin lífshættuleg

- Öll slys sem ekki eru talin lífshættuleg, beinbrot, skurðir ofl. eru tilkynnt beint til foreldra af starfsmönnum leikskólans Æskilegt er að deildarstjóri barnsins eða leikskólalastjóri sjái um að hringja.
- Mikilvægt er að starsmaður sem hringir viti nákvæmlega um ástand barnsins og hver viðbrögð hafa verið fram að símtalinu, t.d hvort ingt hefur verið á sjúkrabíl eða leitað ráða hjá heilsugæslu.

Símtalið

- Sá sem hringir kynnir sig með nafni og segir hvaðan hringt er
- Sá sem hringir á að vera rólegur og tala skýrt.
- Sagt er í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynt að koma því strax til skila hvað sé að. Mikilvægt er að nota ekki sterk orð
- Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja frá því oglátið vita hvaða starsmaður fór með barninu á heilsugæsluna.

Lífshættulegt ástand

Ef ástand barnsins er lífshættulegt, hjarta/öndunarstopp eða meðvitundarleysi er æskilegt að tilkynning til foreldra komi frá áfallateymi slysadeildar eða sambærilegu teymi. Ferli sem fer í gang má sjá í áætlun áfallateymis aftar í þessari handbók.

Eftir slys

Eftir að slys hefur átt sér stað er mikilvægt að fara yfir skráningar á slysinu og öryggisariði skólans. Öll slys á Grænuvöllum eru tilkynnt í gegn um atvik.is og þaðan er það sent til vinnueftirlitsins.

Skráning slysa er mikilvægur hluti af innra og ytra eftirliti leikskólans. Leikskólastjóri tekur saman í lok hvers árs hver, hvenær og hvernig slys hafa átt sér stað og skoðar t.d. hvar hættur í leikskólanum er að finna eða hvort eftirlit starfsfólks með börnunum sé fullnægjandi.

Hvenær á að skrá slys í leikskóla?

Öll slys þar sem barn hefur hlotið það mikinn áverka að það þarfnast meðferðar hjá tannlækni, slyshadeild, barnaspítala, heilsugæslustöð eða hjá sérfræðingi ber að skrá á atvik.is

Öll slys eða óhöpp þar sem börn þurfa aðhlyningu í leikskólanum, kælingu, plástra eða annað skal skrá í atvik.is

Öll atvik þar sem starfsfólk slasast, verður fyrir árás frá börnum, því er ógnað eða slasar sig næstum því vegna ófullnægjandi aðbúnaðar skal einnig skrá.

Mikilvægt er að skrá hver endanlegur meðferðaraðili er og hver áverkagreiningin var. Ef ekki er hægt að ská það strax er hægt að fara aftur inn í skráninguna síðar og bæta því við.

Einnig er nauðsynlegt að skrá ef starfsmaður metur áverkann á þann hátt að það þurfi að fara með barnið til læknis/hjúkrunarfræðing en foreldri ákveður að fara ekki eftir þeim tilmælum.

Slysskráningar eru trúnaðarmál og því má ekki afrita né afhenda það öðrum en þeim sem hafa heimild til að skoða þær. Þegar slys eða óhöpp eru skráð á atvik.is fá leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérgreinastjóri, fræðslufulltrúi, fjármálastjóri og verkefnastjóri framkvæmdasviðs tilkynningu um atvikið. Norðurþing ber ábyrgð á að öryggi barna sé tryggt. Sveitafélagið er auk þess ábyrgt fyrir fjármálum og því mikilvægt fyrir fulltrúa þess að hafa þessar upplýsingar þegar fjárlög eru undirbúin. Upplýsingarnar ættu líka að hjálpa til við forgagnsröðun viðhalds.

Lögregluskýrsla

Ef alvarlegt slys verður í leikskólanum eða slys sem veldur barni áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni er mikilvægt að gera lögregluskýrslu. Lögregluskýrsla greiðir fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélagunum. Skýrslan er varðveitt hjá lögreglu. Leikskólastjóri getur óskað eftir afriti af henni ef þörf krefur. Í þeim tilfellum sem hringt er á sjúkrahús kemur lögregla oftast með. Lögregla biður um ýmsar upplýsingar tengdar slysinu. Það er ekki lögregluskýrsla heldur skýrsla vegna útkalls sjúkrabíls; því þarf að fá lögreglu á staðinn til að gera sérstaka lögregluskýrslu um atvikið eða biðja um að hún sé gerð samhliða vegna útkalls sjúkrabíls. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að lögregluskýrsla sé gerð. Hægt er að óska eftir því að hún sé gerð eftir á. Til að hægt sé að meta hvænær á að gera lögregluskýrslu þarf oft að biðja eftir að læknisskoðun hafi farið fram. Ef gerð er lögregluskýrsla á að upplýsa foreldra og reksraraðila um það.

Slys á börnum sem skal gera lögregluskýrslu fyrir:

- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffærum, drukkun, umferðarslys.
- Höfuðhögg, heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Brunaslys. Ef meira en 8-10 af líkamanum og sár eru djúp
- Öll beinbröt. Sama hversu lítil þau viðrast vera. Komi í ljós að grunur um beinbröt er ekki réttur og barnið hefur aðeins tagnað illa er óþarfi að gera lögregluskýrslu.
- Tannáverkar. Allaverka á tönnum þar sem staðfest er eða grunur er um að fullorðinstennur hafi skaddast.
- Augnáverkar. Allir alvarlegir augnáverkar t.d. skert sjón
- Klemmuáverkar. T.d. fingur fer af eða hangir á húðþjötlu.

Endurskoðun öryggismála eftir slys

Eftir slys er mikilvægt að fara vel yfir það sem gerðist og kanna hvort unnt hefði verið að fyrirbyggja það.

Áður en farið er í slíka vinnu þarf að ganga úr skugga um að starfsfólkm hlut á að máli eigi ekki um sárt að bina. Ef einhverjum starfsmönnum líður illa er mikilvægt að þeir fí viðhlítandi áfallahjálþ áður en greiningarvinnan á sér stað.

Í sumum tilvikum alvarlegra slysa í leikskólum eru engin vitni og því liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um atburinn. Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að:

- Gera áhættumat á öllum svæðum leikskólans, bæði inni og úti.
- Gera teikningu af lópinni og gera áhættumat þar sem öll falin og hættuleg svæði eru skilgreind og merkt.
- Tryggja að mönnum sé í samræmi við áhættumat og að starfsmenn hafi yfirlit yfir öll svæði skólans þar sem börn eru, bæði úti og inni.
- Ef starfsmaður þarf að víkja frá því svæði sem hann einn hefur yfirsýn yfir gerir hann öðrum viðvart til að tryggja gæslu allra svæða.
- Fara yfir allar aðstæður og ferkferla þegar alvarleg atvik eiga sér stað og ræða ábyrgð starfsmanna. Ræða þarf hvað gerðist, hvernig var staðið að öryggismálum, t.d. hvers vegna ekki var starfsmaður á slyssað (ef við á) og akveða hvernig verkferlum verði breytt til a koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig
- Tryggja að allir starfsmenn þekki áhættumatið og verkferla því tengdu.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra leikskólanum starfsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Starfsleyfisskilyrðin taka m.a. á öryggi og slysavörnum, húsnæði og búnaði, leikföngum, lóð, leikvallatækjum og leiksvæði, skráningu slysa og reglubundnu innra eftirliti. Heilbrigðiseftirlitið gerir árlega athugun á að kröfum um öryggi sé framfylgt og að reglubundið innra eftirlit hafi farið fram. Ef rekja má slys til vanbúnaðar/bilunar á húsnæði, lóð eða öðrum þáttum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum leikskóla skal tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um slysið.

Tilkynningar til tryggnarféлага

Mikilvægt er að leikskólastjóri viti hvar leikskólinn er tryggður, sérstaklega þegar kemur að slysatryggingum barna. Þegar gera þarf lögregluskýrslu þarf að tilkynna slysið til viðkomandi tryggingarfélags. Um er að ræða þau tilfelli þar sem eftirmál geta orðið vegna slyssins og því nausynlegt að slysatilkynning sé skilvirk til að réttindi barns séu tryggð síðar.

Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys

Þegar niðurstöður könnunar á slysi liggja fyrir er mikilvægt að leikskólastjóri bjóði foreldrum barnsins sem slasaðist í viðtal. Í viðtalinu er farið yfir athugun leikskólans á tildrögum slyssins og hvað leikskólinn hyggst gera í framhaldinu. Með því að fara yfir það sem gerðist með foreldrum og segja þeim frá hvað gert hefur verið í kjölfarið eykst öryggistilfinning foreldra og traust þeirra til leikskólans. Því er mikilvægt að halda ekki upplýsingum sem skipta máli frá foreldrum.

Leikskólastjóri þarf að hafa allar upplýsingar um málið áður en hann tjáir sig um það.

Mikilvægt er að sveitarfélagið setji sér verklagsreglur um framkvæmd viðtala eftir alvarleg eða lífshættuleg slys.

Foreldraráð og foreldrafélag

Mikilvægt er að foreldrum, foreldraráði og foreldrafélagi sé tilkynnt um stöðu öryggismála í leikskólanum og að foreldraráði sé greint frá alvarlegum atvikum sem upp koma. Eftirlitsskýrslur heilbrigðiseftirlits ættu að vera aðgengilegar fyrir foreldra.

Almannavarnir og eldvarnir

Almannavarnir snúast um það skipulag og stjórnkerfi sem virkjað er á hættustundu. Samkvæmt 1. gr [laga um almannavarnir nr 82/2008](#) er markmið þeirra að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takamarka, eftir því sem unnt er að:

- Almennigur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni
- Umhverfi og eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum.
- Veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns, sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Lögin taka til samhæfðra almannavarnarviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarastands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum.

Mikilvægt er að upplýsingar um viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá séu til staðar í leikskólanum og að þær séu skýrar. Leikskólustjóri setur upp viðbragðsáætlun fyrir sinn skóla og skal fylgja fyrir mælum almannavarnanefndar.

Náttúruvá

Eldgos

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum sem greinast á mælum [Veðurstofu Íslands](#). Hætta getur stafað af eldgosum vegna hraunrennslis og öskufalls. Öskufall úr einu gosi getur borist um allt land með vindum. Gjóska hegru verið varasöm vegna eldinga, eiturgufa og annarra eiturefna. Upplýsingar um loftgæði tengd ödkufalli og fleiru er meðal annars að finna á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#).

Eldingar

Hætta á eldingum getur skapast við þrumuveður og eldgos. Eldingahætta frá gjósandi eldstöð er mest í gosmekkinum sjálfum en getur náð allt að 30-40 km undan vindi frá eldstöðinni.

Fárviðri

Það telst fárviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum eða 12 vindstigum.

Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri, skal taka það alvarlega. Sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofsakulda. Fylgjast skal með tilkynningum og viðvörnunum sem kunna að vera gefnar. Fylgja ber þeim leiðbeiningum sem almannavarnir setja. Veðurveðrunum Veðurstofu Íslands er skipt í þrjú stig eftir alvarleika. Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður erið mjög mismunandi eftir svæðum. Ef að kemur til lokunar leikskólans eða ef röskun verður á skólastarfi vegna veðurveðvarana er það tilkynnt á fb síðu leikskólans, vefsíðu og skilaboð send í karellen.

Jarðskjálftar

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér, því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafandir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Hægt er að draga verulega ur hættu ef komið er í veg fyrir að þungir hlutir geti fallið yfir starfsfólk og börn. Allir stórir skápar og hillur eru veggfestir á Grænuvöllum. Skúffueiningar þarf að festa með festingum sem auðvelt er að losa þar sem þær eru færanlegar.

Viðbrögð við jarðskjálfta

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Leita skal skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyrna t.d. úti í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef vaknað er upp við jarðskjálfta, skal halda kyrru fyrir og nota kodda til að verja höfuð.

Viðbrögð við jarðskjálfta ættu að vera:

- Krjúpa, skýla höfði og halda sér í ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
- Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.
- Fara í hurðarop, KRJÚPA, SKÝLA HÖFÐI og HALDA SÉR.
- Fara undir borð, KRJÚPA, SKÝLA HÖFÐI og HALDA í borðfót.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

Eldvarnir

Eldvarnir miða fyrst og fremst að því að tryggja líf og heilsu barna og starfsmanna. Eldvarnir geta einnig dregið verulega úr tjóni á eignum.

Eftirfarandi atriði eiga að vera til staðar og í lagi:

- **Reykskynjarar:** eru í öllum rímum og beintengdir við eldvarnarkerfi leikskólans.
- **Þekking:** er haldið við einu sinni á ári með brunaæfingum og stöðufundum með slökkviliði.
- **Flóttaleiðir:** eru merktar með viðeigandi ljósi og kynntar öllu starfsfólki.
- **Slökkvibúnaður:** á öllum deildum eru slökkvitæki í merktum kössum nálægt útgangi. deildanna. Einnig eru brunaslögnur á Tungu, Árholti og í fataklefum á Bala og Bergi.

Hér á eftir er að finna rýmingaráætlanir fyrir allt starfsfólk leikskólans.

Rýmingaráætlanir

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

leikskólastjóri

Ef brunaboði fer í gang skal leikskólastjóri gera eftirfarandi:

- **Fer beint og athuga brunaboð**
- **EF ELDUR: hringir í 112**
- **Heldur utan um fjölda starfsmanna og nemenda á suðurlóð.**
- **Er í símasambandi við aðstoðarleikskólastjóra og lætur vita ef allir eru mættir. Ekki er nauðsynlegt að nefna fjölda, bara að allir séu komnir út.**



Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

aðstoðarskólastjóri

Ef brunaboði fer í gang skal aðstoðarskólastjóri gera eftirfarandi:

- **Fara beint og athuga brunaboð**
 - **EF ELDUR: hringir í 112 ef leikskólastjóri er ekki til staðar**
 - **Heldur utan um fjölda starfsmanna og nemenda á norðurlóð.**
 - **Er í símasambandi við leikskólastjóra og lætur vita ef allir eru mættir.**
- Ekki er nauðsynlegt að nefna fjölda, bara að allir séu komnir út.**



Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

sérkennslustjóri

Ef brunaboði fer í gang skal sérkennslustjóri gera eftirfarandi:



- Fer og athugar með brunaboða, fer svo stystu leið út með barnið ef hún er stödd í sérkennsluherbergi. Fer með barnið á söfnunarstað deildar þess.
- Fer út og aðstoðar börn sem koma út um neyðarútgang á Árholti.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

Sérgreinastjóri

Ef brunaboði fer í gang skal sérgreinastjóri gera eftirfarandi:

- Fer út og aðstoðar börn sem koma út um neyðarútgang á Tungu.
- Ef sérgreinastjóri er með börnum inn í leikskóla fylgir hann þeirri deild sem hann er á í það skiptið.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

starfsfólk í eldhúsi

Ef brunaboði fer í gang skal starfsfólk í eldhúsi gera eftirfarandi:



- Athuga með brunaboða og stöðva vælu ef starfsfólk er statt inni eldhúsi.
- Fara út úr húsinu um næsta útgang.
- Láta leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra vita af sér úti.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

TUNGA

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- Fara og athuga brunaboð:
- Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:
- Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi
- Taka kladda/síma og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað:
- Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum

Útgangar á Tungu:

- Opnanlegt fag í föndurstofu, merkt með grænu skilti, og niður brunastigann
- Í gegnum Krubbinn og út um útganga á Árholti
- Útihurð út í norðurgarð
- Aðalhurð inn í leikskólann (Tungumegin)

Öryggisstaður Tungu úti:

- Er á norðurlóð við skruðgarð ef farið er út í garð en í garði við lðavelli 8 ef farið er út um aðra útganga.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

ÁRHOLT

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- Fara og athuga brunaboð:
- Safna börnunum strax saman við á söfnunarstað:
- Taka síma og kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað
- Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi
- Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum

Útgangar á Árholti:

- Opnanlegt fag í föndurstofu, merkt með grænu skilti, og niður brunastigann
- Í gegnum Krubbinn og út um útganga á Tungu
- Útihurð út í suðurgarð
- Aðalhurð inn í leikskólann (Árholtsmegin)

Öryggisstaður Árhólts úti:

- Er á suðurlóð við Fossvelli ef farið er út í garð en í garði við lðavelli 4 ef farið er út um aðra útganga.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

HÓLL

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- Fara og athuga brunaboð:
- Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:
- Taka kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað
- Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi
- Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum

Útgangar á Hóli:

- Opnanlegt fag í öllum gluggum í leikstofum merkt með grænu skilti
- Útihurð út í norðurgarð
- Útihurð inn á Hól

Öryggisstaður Hóls úti:

- Er á norðurlóð við skruðgarð ef farið er út í garð en í garði við lðavelli 8 ef farið er út um aðra útganga.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

BALI

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- **Fara og athuga brunaboð:**
- **Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:**
- **Taka síma og kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað**
- **Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi**
- **Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum**
-

Útgangar á Bala:

- **Opnanlegt fag í neðri glugga í leikstofu merkt með grænu skilti.**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Tungumegin)**
- **Útihurð út í norðurgarð**

Öryggisstaður Bala úti:

- **Er á norðurlóð við hlið að skrudgarði ef farið er út í garð en í garði við lðavelli 8 ef farið er út um aðra útganga.**

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða!

BERG

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- **Fara og athuga brunaboð:**
- **Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:**
- **Taka síma og kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað**
- **Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi**
- **Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum**

Útgangar á Bergi:

- **Opnanlegt fag í neðri glugga í leikstofu merkt með grænu skilti.**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Árholtsmegin)**
- **Útihurð út í suðurgarð**

Öryggisstaður Bergs úti:

- **Er á suðurlóð við Fossvelli ef farið er út í garð en í garði við lðavelli 4 ef farið er út um aðra útganga.**

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

VILPA

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- **Fara og athuga brunaboð:**
- **Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:**
- **Taka síma og kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað:**
- **Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi**
- **Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum**
-

Neyðarútgangar á Vilpu:

- **Útihurð sem opnast út í garð**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Tungumegin)**

Öryggisstaður Vilpu úti:

- **Er á norðurlóð við hlið að skrúðgarði.**

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

RÓM

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- **Safna börnunum strax saman við söfnunarstað**
- **Taka síma og kladda með öryggisupplýsingum**
- **Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi**
- **Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum**

Neyðarútgangar á Róm:

- **Útihurð sem opnast út í garð**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Tungumegin)**
- **Hurð út í norðurgarð**
- **Hurð út í suðurgarð**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Árholtsmegin)**

- **Öryggisstaður**

Rómar

úti:

Er á suðurlóð bakvið skúrinn

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

FOSS

Ef brunaboði fer í gang skulu starfsmenn gera eftirfarandi:



- **Fara og athuga brunaboð:**
- **Safna börnunum strax saman við söfnunarstað:**
- **Taka kladda og hjálpa til við að safna börnunum saman við söfnunarstað**
Bíða þess að brunaboði fari í gang í annað sinn áður en farið er úr húsi
- **Starfsmaður sem er í kaffi eða undirbúningi fer strax að öryggisstað og tekur á móti börnunum**
-

Útgangar á Fossi:

- **Útihurð sem opnast út í garð**
- **Aðalhurð inn í leikskólann (Árholtsmegin)**

Öryggisstaður Foss úti:

- **Er á suðurlóð við Fossvelli**

Jafnréttisstefna Grænuvalla 2019-2022

Jafnréttisstefna leikskólans Grænuvalla á við nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún byggir á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla 2011, lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, Einnig tekur stefnan til annarra skilgreindra hópa sbr jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65. gr. laga nr. 33/1944:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr 86/2018 er skýrt kveðið á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði, hvort heldur beina eða óbeina, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.

Nemendur og foreldrar

Á Grænuvöllum er lögð áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu, jákvæðni og opnu hugarfari, sem er forsenda þess að öllum geti liðið vel. Í leikskólanum skipta allir miklu máli og hver og ein manneskja gegnir hlutverki innan skólans. Börn og kennarar ákveða hlutverkin saman að hausti og þeim er svo skipt jafnt á alla nemendur yfir skólaárið.

Í aðalnámskrá leikskóla stendur að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í leikskólanum leggjum við okkur fram um að tala eins til allra kynja og leggjum áherslu á að öll börn hafi val um það sem þau vilja gera í leik og starfi. Jafnréttisfræðslan á Grænuvöllum er samþætt inn í allt starfið. Við vinnum gegn staðalímyndum og samþykkjum ekki að sum störf séu strákastörf og önnur störf séu stelpustörf. Litir eru ekki kynjaskiptir og föt ekki annaðhvort fyrir stelpur eða stráka. Við erum börnunum fyrirmynd og framkoma okkar endurspeglar hegðun og skoðanir barnanna. Á Grænuvöllum eiga allir jafnan rétt óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðun, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Áhersla er lögð á að öll börn eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika og hvergi í skólastarfinu séu hindranir í vegi hvors kynsins. Allir eru ólíkir og við erum frábær eins og við erum. Við vinnum með

jafnrétti m.a. með því að hlusta og viðurkenna hvert annað. Við erum ekki alltaf sammála og það er allt í lagi. Við leggjum áherslu á vináttu og virðingu í samverustundum, á barnafundum, í umræðum, söng og leik.

Á Grænuvöllum er þörfum sérhvers barns mætt, þau fá það viðmót, hvatningu og örvun sem þeim hentar til að geta tekið þátt í öllu starfi leikskólans óháð kyni. Við stuðlum að því viðhorfi að eðlilegt sé að börnin leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllu starfi leikskólans óháð kyni. Við notum frekar orðin börn eða krakkar en strákar og stelpur.

Mæður og feður eru jafngild í foreldrasamstarfinu. Á Grænuvöllum beinum við samskiptum jafnt til beggja foreldra þegar um sameiginlegt forræði er að ræða. Báðir foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu, mæta í foreldraviðtöl og á fundi. Við leggjum áherslu á að í stjórn foreldrafélags og í foreldraráði starfi bæði mæður og feður.

Kennarar og annað starfsfólk leikskóla

Á Grænuvöllum er þess gætt að allir fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf óháð kyni. Þegar laus störf eru auglýst við leikskólann eru öll kyn hvött til að sækja um og ef tvær jafnhæfar umsóknir berast er ráðið af því kyni sem á hallar í leikskólanum. Öllum sem starfa við kennslu í leikskólanum er boðin starfsþjálfun og endurmenntun, óháð kyni. Starfsfólki, sérstaklega verðandi foreldrum eru kynnt réttindi sín og skyldur gagnvart vinnustaðum og áhersla lögð á að feður jafnt sem mæður sinni veikum börnum sínum heima. Reynt er eftir fremsta megni að fara eftir óskum starfsmanna um lækkað starshlutfall og vinnutíma vegna fjölskyldulífs. Starfandi foreldrum er gert kleift að sinna börnum sínum þegar þess þarf, fara í foreldraviðtöl, á skólaskemmtanir, með börnin til læknir o.s.frv. Starfsfólk í hlutastarfi er hvatt til að sinna einkaerindum utan vinnutíma sé þess kostur. Í skóla og deildarsáttmálum kemur fram að framlag allra skipti máli í leikskólanum og jafnframt sýnum við hvoru öðru skilning. Allir hjálpast að til að hlutirnir geti gengið. Í skólasáttmálum segir einnig að koma skuli fram við annað starfsfólk af virðingu og að einelti, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreiti sé ekki liðið í leikskólanum. Við leggjum mikið upp úr góðum starfsanda á Grænuvöllum, hér nýtur allt starfsfólk sömu virðingar og framlag hvers og eins er vel metið.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis

Einelti, áreitni og ofbeldi geta komið upp á öllum vinnustöðum. Það getur haft alvarlegar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir þolendur þess og vinnustaðinn í heild. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og einelti, áreitni og ofbeldi á aldrei að líðast!

Fyrirbyggjandi ráðstafanir

Leikskólastjóri skal sjá til þess að einelti, áreitni og ofbeldi líðist ekki í leikskólanum og ber að bregðast strax við ef tilkynnt er um eitthvað af ofangreindu. Það er margt sem getur leitt til ofbeldis eins og eineltis og áreitni, t.d. vinnuskipulag, athafnleysi, skortur á starfsþróun og lítil tækifæri á vinnustaðnum. Auk þess skiptir máli hvernig eftirliti með vinnu starfsmanna er háttað og að möguleikar séu ójafnir í starfi.

Það er mikilvægt að hafa gott upplýsingaflæði í leikskólanum. Á Grænuvöllum er lokaður Facebook hópur notaður, fjöl-tölvupóstur og fundargerðir sendar í tölvupósti til allra starfsmanna. Einnig eru ýmis mál rædd á starfsmannafundum og starfsdögum. Haldið er vel utan um nýja starfsmenn og líðan þeirra, störf og geta eru metin fyrstu 3 mánuðina í starfi. Þá skapast tækifæri til að leiðbeina í starfi. Hálf mánaðarlega eru fundir á deildum þar sem starfsfólk vinnur meðal annars saman að lausn mála. Starfsmenn á deildum fá tækifæri á að nýta styrkleika sína í starfi og sjá um þætti sem eiga vel við þá á auk þess sem þeir fá aðstoð við krefjandi verkefni hjá samstarfsfólki sínu.

Þegar nýir starfsmenn skrifa undir ráðningarsamning skrifa þeir einnig undir starfslýsingu sem þeir fá svo í hendur en þar kemur fram til hvers er ætlast af starfsmanninum. Vaktaplan má finna á deildum svo starfsmaðurinn á að geta séð til hvers er ætlast af honum þann daginn. Auk þess eru áætlanir eins og innleiðingar áætlun uppeldisstefnunar, læsisstefna leikskólans, vinnuhandbók og starfsmannahandbók aðgengilegar öllum á prenti og á sameiginlegu vefsvæði starfsfólks.

Annað hvert ár taka starfsmenn þátt í starfsmannakönnun þar sem líðan er skoðuð og þeir fá tækifæri til að svara opnum spurningum. Niðurstöður könnunarinnar eru notaðar til að auka gæði starfsins og efla góða líðan innan vinnustaðarins.

Allir sem unnið hafa í leikskóla vita að það er mikið starf með fjölda verkefna. Yfir vinnudaginn skapast álagspunktur þar sem starfsfólk þarf að hafa hraðar hendur og vera á sama tíma

samhent. Á Grænuvöllum tókum við tillit til þeirra sem af einhverjum orsökum geta ekki unnið á sama hraða eins og t.d. vegna þungunar, sjúkdóma eða aldurs.

Starfsmenn eru hvattir til að leita sér aðstoðar í starfi sínu þegar þörf krefur. Að sama skapi eru allir hvattir til að veita aðstoð og deila með sér góðum hugmyndum og lausnum. Hálfmánaðarlega eru fundir þar sem starfsfólk fær tækifæri til að fá aðstoð við erfið verkefni. Allir fundir í leikskólanum byrja á hrósi/hvatningu og það er viðurkennd staðreynd innan leikskólans að mistök eru tækifæri til að læra af þeim.

Í leikskólanum er unnið eftir deildarsáttmálum starfsfólks en þá má einnig finna í stjórnendateyminu. Á hverju hausti er búinn til nýr sáttmáli fyrir allt starfsfólk leikskólans þar sem allir fá tækifæri til að koma því að sem þá skiptir máli. Allt starfsfólk kvittar undir sáttmálann til viðurkenningar um að eftir honum verði starfað.

Árlega eru starfsmannasamtöl þar sem starfsmaður fær tækifæri til að tjá sig og leggja fram tillögur um hvað hann langar að læra, tala um hvað hann gerir vel og um ný markmið í lífi og starfi. Stjórnendur leikskólans leggja sig fram um að vera í góðu sambandi við allt starfsfólk, að á milli allra ríki virðing, góðvild og festa.

Skilgreining á einelti og áreitni

Samkvæmt 3. grein reglugerðar 1000/2004 um einelti og áreitni sem byggir á lögum nr. 46/1980 er einelti ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi eða athöfn, hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið út, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur undir skilgreiningarnar á einelti og áreitni falla hvorki skoðanaágreiningur starfsmanna eða hagsmunaárekstrar.

Skilgreining á ofbeldi

Í þessari viðbragðsáætlun er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningu á ofbeldi:

Ofbeldi eru athafnir sem valda annarri manneskju sársauka, andlegum eða líkamlegum án tillits til þess hvort um er að ræða ásetning eða ekki. Ofbeldi getur verið líkamlegt, kynferðislegt, efnislegt og andlegt.

Hvað gerir starfsmaður sem telur sig hafa lent í einelti, áreitni eða ofbeldi?

Gerandi getur verið ómeðvitaður um að þolandi kunni ekki við þá hegðun sem viðhöfð er við hann. Því er mjög mikilvægt að þolandi geri geranda grein fyrir að honum líki ekki framkoman og að hún sé ekki samþykkt. Ef þolandinn treystir sér ekki til að tala við gerandann ætti hann að leita aðstoðar næsta yfirmanns. Ef meintur gerandi lætur ekki af hegðun sinni skal tilkynna málið til næsta yfirmanns. Einnig er hægt að tilkynna eineltið til trúnaðarmanns. Til að auðvelda alla vinnslu málsins er mikilvægt að öll atvik séu skráð í atvikaskráningu leikskólans. Þá þarf að skrá tíma, dagsetningu, nöfn þeirra sem voru viðstaddir og aðstæður þegar atvik átti sér stað. Tilkynning um einelti getur verið munnleg eða skrifleg. Þolandi eineltis, áreitni eða ofbeldis eða aðrir sem verða vitni að slíkri hegðun skulu tilkynna hana.

Hvernig á yfirmaður að bregðast við tilkynningu um einelti, áreitni eða ofbeldi?

Yfirmanni sem fær tilkynningu um einelti, áreitni eða ofbeldi ber að kanna málið og bregðast við. Ef yfirmaður getur af einhverjum ástæðum ekki tekið á málinu skal hann vísa því til leikskólastjóra. Starfsmaður sem verður fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi getur líka vísað því beint til leikskólastjóra. Fyrsta skref þess sem tekur við tilkynningunni er að meta þörf starfsmannsins fyrir stuðning og í framhaldinu af því er tekin ákvörðun um næstu skref. Við meðferð málsins skal gæta fyllsta trúnaðar.

Málsmeðferð

Þegar tilkynning hefur borist fer af stað ákveðið ferli sem annars vegar eru óformlegar aðgerðir sem ættu alltaf að vera fyrstu viðbrögð og hins vegar formlegar aðgerðir.

Þegar gripið er til óformlegra aðgerða er leitast við að leysa málið innan viðkomandi deildar ef við á. Málið er tilkynnt til næsta yfirmanns, trúnaðarmanns eða leikskólastjóra. Þörf starfsmannsins fyrir stuðning er metinn og þolanda bent á hvar hann getur leitað sér sálrænnar aðstoðar sé þess þörf. Farið er yfir málið í ró og næði með starfsmanninum. Upplýsinga er aflað um atvik og rætt við þolanda og geranda í sitthvoru lagi. Munnlegar upplýsingar eru skráðar niður sem þolandi og gerandi lesa yfir og kvitta undir. Bæði þolandi og gerandi eiga rétt á að trúnaðarmaður sé viðstaddur. Lagðar eru fram tillögur við lausn á

vandanum. Sá yfirmaður sem er með málið hefur reglulega samband, daglega, vikulega eða eftir þörfum og fylgir eftir að aðstæður breytist til batnaðar.

Þegar mál er rannsakað með formlegum hætti hefur ekki tekist að leysa það með óformlegum hætti og þolandi kýs að fara formlega leið til leikskólastjóra. Leikskólastjóri fer yfir málið í ró og næði með starfsmanninum. Leikskólastjóri ræðir við þolanda og geranda í sitthvoru lagi og skráir niður munnlegar upplýsingar sem viðkomandi starfsmenn yfirfara og kvitta undir. Báðir aðilar geta óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur. Rætt er við aðra sem geta veitt upplýsingar um atvik. Rætt er við einn í einu og aðeins við þá sem eiga hlut að máli. Ef ástæða þykir til er hægt að óska eftir utanaðkomandi aðstoð eins og t.d. sálfræðings eða þjónustuaðila á sviði vinnuverndar. Metin er þörf fyrir stuðning og þolanda vísað á aðstoð. Þolandi fær upplýsingar um framvindu málsins eins og kostur er. Leikskólastjóri metur málsatvik og tekur ákvörðun byggða á skráðum upplýsingum sem fram hafa komið. Sé niðurstaðan sú að um einelti, áreitni eða ofbeldi er að ræða skal athuga rétt þolanda og tryggt að vinnuumhverfi þolanda sé öruggt. Sé gerandi starfsmaður í leikskólanum fær hann áminningu í starfi og er færður til ef þörf þykir á því. Jafnframt er geranda bent á að leita sér aðstoðar fagaðila sé þörf á því.

Einelti, áreitni og ofbeldi sem starfsfólk verður fyrir á vinnustað skal vera skrá hjá atvik.is

[Handbók um einelti og vináttufærni – forvarnir og viðbrögð](#). Er bæklingur, gefinn út af Heimili og skóla í nóvember 2017. Honum er ætlað að vera viðbót við fyrri útgáfu bæklingis um einelti sem Heimili og skóli gáfu út 2009. Megináhersla handbókarinnar er á forvarnir, fróðleik og hagnýt ráð.

Aftast í [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#) er að finna tillögur að gátlista og vinnuferli ef upp kemur eineltismál í leikskólanum.

Fjarvistastefna Grænuvalla

1. Tilkynning fjarvista: Tilkynna skal fjarvistir í síma 464-6160 á virkum dögum milli 7:30-8:00. Í styttri veikindum ber að hafa samband daglega á sama tíma og láta vita hver staðan er en ekki ef viðkomandi er með læknisvottorð.
2. Langvarandi veikindi teljast þau sem vara lengur en fjórar vikur (Virk.is). Deildarstjóri hefur samband við starfsmann á tveggja vikna fresti þar sem framvinda er rædd. Leikskólastjóri tekur fjarvistarsamtal við starfsmann í upphafi og lok veikinda.
3. Veikist starfsmaður í sumarleyfi skal hann hafa samband í síma 847-4766 eða 464-2678 (Einkasíma leikskólastjóra og heimasíma; Sigga Valdís) svo fljótt sem auðið er, samkvæmt ákvæði kjarasamninga, og skila læknisvottorði í lok sumarleyfis.
4. Starfsmönnum er heimilt að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu á vinnutíma ef nauðsyn krefur (Virk.is). Ef starfsmaður þarf að fara í sjúkráþjálfun og eða til lækni á vinnutíma er þeim tilmælum beint til viðkomandi að hann fari á þeim tíma dags sem hentar starfsemi Grænuvalla sem best, sé þess kostur.
5. Þurfi starfsmaður að sinna persónulegum erindagjörðum í vinnutíma, ber honum að hafa samráð við deildarstjóra um hvaða tími dags hentar best að sinna þeim og láta leikskólastjóra vita.
6. Megin reglan er sú að fjarvera af vinnustað umfram 1 klst. sem ekki tengist veikindum starfsmanns er dregin af launum nema um annað samkomulag er að ræða svo sem tilfærslu á vinnutíma eða orlofstími er notaður.
7. Læknisferðir til Akureyrar eða Reykjavíkur. Starfsmenn fá greidda 2 tíma ef valið er að fara til Reykjavíkur eða Akureyrar þrátt fyrir að geta fengið þjónustuna í heimabyggð. Ef um tilvísun er að ræða til lækni utan Húsavíkur halda starfsmenn launum þann tíma sem þarf.

Áætlun vegna áfalla

Áfallateymi

Á Grænuvöllum er starfandi áfallateymi sem kemur saman ef stór aföll verða í leikskólanum, t.d. dauðsfall foreldris leikskólabarns, alvarleg veikindi og slys á fólki eða dausfall innan leikskólans. Áfallateymið skipa Sigga Valdís skólastjóri, Helga aðstoðarskólastjóri og Dóra Fjóla deildarstjóri. Hér á eftir fara áætlanir sem teymið vinnur eftir þegar áföll verða.

Ef barn slasast alvarlega eða deyr í leikskólanum

1. Starfsmaður leikskóla fer með barninu í skjúkrabíl á slysadeild, sjúkrahús eða heilsugæslu.
2. Leikskólastjóri í samráði við lögreglu tilkynnir foreldrum um slysið og leytað er til áfallahjálparteymis slysadeildar þegar um lífshættulegt slys er að ræða. Við innritun barns á slysadeild, sjúkrahús eða heilsugæslu greinir starfsmaður frá því hvort og hvernig slysið hafi verið tilkynnt til foreldra. Slysadeildin, sjúkrahúsið eða heilsugæslan sér um að senda aðila úr áfallahjálparteymi til foreldra sé þess þörf.
3. Þegar ástand barns er lífshættulegt er ekki æskilegt að tilkynna slysið í gegnu síma, slíkt getur stefnt foreldrum í hættu.

Ef barn í leikskólanum deyr

1. **Einn starfsmaður úr áfallateymi hefur yfirumsjón.** Hann prentar út bréf sem foreldrar fá afhent eða sér um að senda það úr Karellen.
2. **Umsjónarmaður hefur samband við prest sama dag og upplýsingar berast.**
 - Fá hans aðstoð við að tilkynna starfsmönnum.
 - Fá hans aðstoð við að ræða við foreldra um verklagsreglur okkar.
3. **Umsjónarmaður heldur utan um að allir starfsmenn fái tilkynningu sama dag og upplýsingar berast (með eða án aðstoð prests).**
4. **Fjölskylda barns er heimsótt daginn eftir (einn starfsmaður af deild barnsins a.m.k. ásamt 1-2 öðrum sem tengjast/treysta sér til ásamt leikskólastjóra).**
 - Færa þeim samúðargjöf frá leikskólanum.
5. **Starfsmenn sem fara í heimsókn ræða við starfsmenn deildar eftir heimsóknina.**
6. **Bréf sent til foreldra barna í leikskólanum, daginn eftir heimsókn til fjölskyldu.**
 - Deildarstjóri og aðili úr áfallaráði ræða við foreldra sem eftir því óska.
 - Foreldrum afhent bréf með ýmsum upplýsingum um dauðsföll og sorg.
 - *Gæta þess að allir fái tilkynningu sama dag.*
7. **Deildin ræðir við börnin (fá prest til aðstoðar).**
 - Hólf barnsins fær að standa autt með mynd af barninu í 2 vikur.
 - Gott getur verið að hafa minningarvegg um barnið, þar sem teikningar o.fl. eftir barnið er látið hanga. Einnig myndir sem hin börnin vilja teikna til minningar um barnið. Miðað er við að það verði tekið niður um sama leyti og mynd á hólfi er tekin niður.

- Verkum og öðru sem barnið átti í leikskólanum er safnað saman og starfsmenn deildar fara með til foreldra barnsins 2-3 vikum eftir andlát.
- 8. Sækja þarf um leyfi hjá fræðslu- og menningarfulltrúa fyrir því að hafa lokað á jarðafarardeggi. Skólastjóri sér um að sækja um leyfi.**
 - 9 Mikilvægt að halda áfram að halda utan um börnin og hvort annað (vera í sambandi við prest).**
 - Vera viðbúin að ræða þetta í óvæntum aðstæðum í leikskólanum.
 - Starfsmannahópurinn hittist sem oftast til þess að ræða saman og vera stuðningur hver við annan (áfallateymi hefur umsjón með því að koma á fundum).

Ef foreldri barns í leikskólanum deyr

- 1. Einn starfsmaður úr áfallateymi hefur yfirumsjón.**
- 2. Umsjónarmaður hafi samband við prest sama dag og upplýsingar berast.**
 - Fá aðstoð við að tilkynna starfsmönnum.
 - Fá aðstoð við að ræða við aðstandendur um verklagsreglur okkar.
- 3. Umsjónarmaður heldur utan um að allir starfsmenn fái tilkynningu sama dag og upplýsingar berast (með aðstoð prests).**
- 4. Fjölskylda barnsins heimsótt daginn eftir (einn starfsmaður af deild barnsins a.m.k. ásamt leikskólustjóra og 1-2 öðrum sem tengjast/treysta sér til).**
 - Færa fjölskyldunni samúðargjöf frá leikskólanum.
 - Láta vita að barnið er velkomið hvenær sem er aftur í leikskólann. Það getur verið gott fyrir barnið að koma og hitta vini og leika sér. Gæta þess að fá upplýsingar um hvað barnið veit um andlátið þegar það kemur á leikskólann.
- 5. Starfsmenn sem fara í heimsókn ræða við starfsmenn deildar eftir heimsóknina.**
- 6. Bréf sent til foreldra barna á deild barnsins, daginn eftir heimsókn til fjölskyldu.**
 - Deildarstjóri og aðilar úr áfallaráði ræða við foreldra sem eftir því óska.
 - Foreldrum afhent bréf með ýmsum upplýsingum um dauðsföll og sorg.
 - *Gæta þess að allir fái tilkynningu sama dag.*
- 7. Starfsmenn deildar ræða við börnin (fá prest til aðstoðar).**
- 8. Huga þarf að því að starfsmenn deildarinnar og jafnvel einhverjir aðrir vilji fara að jarðaförinni. Huga að fríum.**
- 9. Mikilvægt að halda áfram að halda utan um börnin og hvert annað.**
 - Vera viðbúin að ræða þetta hvenær sem er.
 - Starfsmenn á deild barnsins hittist og ræði saman og veita hvert öðru stuðning.

Ef starfsmaður í leikskólanum deyr

- 1. Einn starfsmaður úr áfallateymi hefur yfirumsjón.**
- 2. Umsjónarmaður hefur samband við prest sama dag og upplýsingar berast.**
 - Fá hans aðstoð við að tilkynna starfsmönnum
 - Fá hans aðstoð við að ræða við fjölskyldu um okkar verklagsreglur.
- 3. Umsjónarmaður heldur utan um að allir starfsmenn fái tilkynningu sama dag og upplýsingar berast (með aðstoð prests).**
- 4. Fjölskylda starfsmanns heimsótt daginn eftir (Stjórnandi og einhvern úr áfallaráði ásamt öðrum sem treysta sér til).**
 - Færa þeim samúðargjöf frá leikskólanum.
- 5. Starfsmenn deilda og aðilar úr áfallaráði ræða saman um næsta skref.**
- 6. Senda bréf til foreldra barna í leikskólanum daginn eftir heimsókn til fjölskyldu.**
 - Deildarstjóri og aðili úr áfallaráði ræðir við foreldra sem eftir því óska.
 - Foreldrum afhent bréf með ýmsum upplýsingum um dauðsföll og sorg.
 - *Gæta þess að allir fái tilkynningu sama dag.*
- 7. Deildir ræða við börnin (fá prest til aðstoðar).**
 - Gott getur verið að hafa minningarvegg um starfsmanninn, með mynd af starfsmanni. Einnig myndir sem börnin vilja teikna til minningar um hann. Veggurinn skal tekinn niður 2 vikum seinna.
- 8. Sækja þarf um leyfi hjá fræðslu og menningarfulltrúa fyrir því að hafa lokað á jarðafarardegi.**
 - Skólastjóri sér um að sækja um leyfi.
- 9. Mikilvægt að halda áfram að halda utan um börnin og hvort annað (vera í sambandi við prest).**
 - Vera viðbúin að ræða þetta hvenær sem er.
 - Starfsmannahópur hittist sem oftast til þess að ræða saman og vera stuðningur hvert við annað (áfallaráð hefur umsjón með því að koma á fundum).

Ef náinn aðstandandi starfsmanns í leikskólanum deyr

- 1. Einn starfsmaður úr áfallateymi hefur yfirumsjón.**
- 2. Umsjónarmaður hefur samband við prest sama dag og upplýsingar berast.**
 - Fá aðstoð við að tilkynna starfsmönnum.
 - Fá aðstoð við að ræða við aðstandendur um okkar verklagsreglur.
- 3. Umsjónarmaður heldur utan um að allir starfsmenn fái tilkynningu sama dag og upplýsingar berast (með aðstoð prests).**
- 4. Starfsmaður er heimsóttur daginn eftir (stjórnandi og starfsmenn á deild starfsmanns).**
 - Samúðargjöf frá leikskólanum.
- 5. Starfsmenn deildar og aðilar úr áfallaráði ræða saman um næsta skref.**
- 6. Senda bréf til foreldra daginn eftir heimsókn til fjölskyldu.**
 - Deildarstjóri og aðili úr áfallaráði ræða við foreldra sem þess óska.
 - *Gæta þess að allir fái tilkynningu sama dag.*
- 7. Starfsmenn deilda ræða við börnin þegar við á.**
- 8. Huga þarf að því að starfsmenn viðkomandi deildar og jafnvel einhverjir aðrir vilja fara að jarðaförinni. Huga að fríum.**
- 9. Mikilvægt að halda áfram að halda utan um börnin og hvert annað.**
 - Vera viðbúin að ræða þetta hvenær sem er.
 - Starfsmenn á deild starfsmanns hittist og ræði saman og veita hvert öðru stuðning.

Staðlað bréf til foreldra

Kæru foreldrar/forráðamenn

Í gær gerðist sá sorglegi atburður að (nafn) lést. (Nafn) var (starfsmaður, barn, maki, barn starfsmanns á deild).

Við leikskólann er starfandi áfallaráð og í því sitja: (nöfn aðila í áfallaráði)

Næstu daga munum við leitast við að styðja nemendur og hjálpa þeim að átta sig á því sem hefur gerst. Á morgun (dagur) munum við ræða þennan atburð við börnin ykkar. Gott getur því verið að þið séuð búin að ræða atburðinn við þau fyrir morgundaginn.

Segið barninu frá því sem gerst hefur á einfaldan og skýran hátt. Notið ekki orð sem geta verið misvísandi. Notið réttu orðin og segið sannleikann, forðist að nota orð eins og hann/hún er sofnaður; er farin. Slíkt getur valdið misskilningi og valdið ótta t.d. við að fara að sofa eða að kveðja foreldra. Viðkomandi er dáiinn og því best að nota það orð.

Mikilvægt er að leyfa barninu að ráða ferðinni í úrvinnslu sinni á sorg, verið til staðar, styðjið það, hlustið og deilið tilfinningum ykkar með því.

Börn á leikskólaaldri búa yfir þeim hæfileika að geta leikið sér. Leikur sem snýst um sorglega atburði á ekki að stöðva. Leikur er ein besta leið barns til að vinna sig út úr sorg.

Ef spurningar vakna hjá ykkur foreldrum og forráðamönnum þá endilega hafið samband við áfallaráð eða deildarstjóra ykkar barna og við munum reyna að aðstoða ykkur eftir bestu getu. Síminn í leikskólanum er 464-6160

Kveðja, starfsfólk leikskólans

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs/inflúensu og covid 19

Stjórnendateymi Grænuvalla annast verkefnastjórn, virkjun og uppfærslu viðbragðsáætlunar. Teymið vinnur áætlunina í samstarfi við Öryggisráð skólans.

Í stjórnendateymi Grænuvalla eru Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir leikskólastjóri, Helga Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðrún Eiríksdóttir sérkennslustjóri og Unnur Ösp Guðmundsdóttir sérgreinastjóri.

Öryggisráðið skipa Guðrún Eiríksdóttir öryggisvörður og Elín Hildur Jónsdóttir öryggistrúnaðarmaður.

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnarstig vegna heimsfaraldurs virkir þessa áætlun. Áætlunin er byggð á viðbragðsáætlun Sambands íslenskar sveitafélaga. Teymið fylgist náið með nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins og ber ábyrgð á að upplýsa starfsfólk skólans um starfsaðstæður hverju sinni, kynna umgengisreglur og sjá um birgðahald vegna sóttþreinsibúnaðar. Skólastjóri ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki og foreldrum um virkjun viðbragðsáætlunar og tilslakanir þegar þær verða.

Skólastjóri sér um samskipti vegna veikinda og fjarveru starfsmanna.

Aðstoðarskólastjóri sér um að raða starfsfólki niður á deildir þannig að hvergi sé undirmannað.

Deildarstjórar sjá um fjarvistaskráningar barna og láta aðstoðarskólastjóra vita á morgunfundi sem haldinn er á Teams kl 8:05 alla virka morgna.

Teymið hefur samráð við Öryggisráð um sértækar ráðstafanir ef forföll kennara verða mikil. Færa gæti þurft kennara og börn á milli deilda eða senda börn heim ef ekki er gert ráð fyrir að börn og kennarar fari á milli smitvarnarhólfa.

Áhættumat

Ef veiran nær útbreiðslu á Húsavík verða fjarvistir frá vinnu mun meiri og lengri en í árlegum infúensufaraldri. Fjarvistir starfsmanna geta m.a. stafað af

- Smiti af völdum kórónaveiru.
- Annarra veikinda.
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokunar skóla.
- Beiðni vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heima.
- Beiðni heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.

Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu

- Starfsmaður hefur ferðast til annarra landa, til höfuðborgarsvæðisins eða annarra landshluta þar sem mikið er um smit.
- Hafa komist í snertingu eða návígi við einstakling sem er smitaður, grunaður um smit, í sóttkví eða einangrun.
- Hefur á síðustu 14 dögum haft einkenni Covid. Hósti, hálssærindi, hiti, beinverkir, breytt bragðskyn...

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID 19 vaknar skal upplýsa yfirmann, hann bregst við á eftirfarandi hátt:

1. Ef grunur vaknar um smit innan leikskólans þarf að hafa strax samband við Siggu Valdís í síma 847-4766 eða Helga í síma 865-2148.
2. Helga eða Sigga hringja í vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegn um skiptiborð s:543-1000 eða beint samband í 510-1933 eða 1700 eða heilsugæslu og fá leiðbeiningar um hvernig skuli bera sig að miðað við aðstæður.
3. Helga, Sigga Valdís og deildarstjóri munu hringja í foreldra og leiðbeina þeim hvernig þau skulu bera sig að.
4. Mikilvægt er að allir haldi ró sinni og sinna áfram börnunum.

Fyrirbyggjandi áherslur til að draga úr smitleiðum

Lögð er áhersla á almenn atriði um hreinlæti og hvernig best er að verjast helstu smiðleiðum og farið er eftir gildandi auglýsingu frá Stjórnarráðinu hverju sinni.

Hægt er að fækka smitleiðum skólans með því að:

- Fækka mannmörgum samkomum tímabundið.
- Draga verulega úr samgangi nemenda milli sóttvarnarhólfa.
- Draga úr utanaðkomandi heimsóknum í skólann.
- Nýta fjarfundabúnað fyrir fundi eins og kostur er.
- Auka áherslu ræstingar á að strjúka af hurðarhúnum, handriðum, ljósrofum, salernum, vöskum, lyklaborðum, borðum, stólörmum og öðrum snertiflötum.
- Hafa handspritt fyrir innan og utan útidyr, á salernum, kaffistofum, skrifstofum og inn á deildum.
- Leggja mikla áherslu á góðan handþvott reglulega yfir daginn hjá öllum börnum og kennurum.
- Foreldrar skili börnum af sér fyrir utan deildir.
- Fullorðnir beri grímur á opnum svæðum og þegar ekki er hægt að framfylgja tveggja metra reglu.

Komi til hólfaskiptinga leikskólans vegna neyðarstigs almannavarna

Til þess að takmarka útbreiðslu smits hefur komið til hólfaskiptinga í leikskólanum þannig að kennarar og börn umgangist sem fæsta.

- Allri samvinnu á milli deilda hætt
- Starfsfólk sérkennslu, undirbúningsafleysingar og veikindaafleysingar er fest inn á deildum.
- Kaffistofum skipt, þannig að hver deild á sér kaffistofu
 - Millivegg í sal lokað og hvoru megin eru 3-4 kaffistofur
 - Kaffistofur geta einnig verið í sitthvoru undirbúningsherbergi, eldhúsi í Áttunni og minni kaffistofu og Krubbi.
- Salernum er skipt upp.
 - Stjórar og Trillur á stóra baðherbergi í 8
 - Bali á litla baðherbergi í 8.
 - Hóll á starfsmannasalerni inn á Hóli
 - Vilpa á barnasalerni á Norðurgangi
 - Róm á salerni fyrir fatlaða
 - Berg á barnasalerni á Suðurgangi
 - Árholt og Foss á starfsmannasalerni í búningsherbergi
 - Tunga og eldhús á baðherbergi í Krubbi
- Tvær til þrjár trillur sjá um að þjónusta deildirnar (sérkennslustjóri, sérgreinastjóri, afleysing eða stuðningur)
 - Hella upp á kaffi og fara með á kaffistofur
 - sótthreinsa ganga, salerni og sal 2-3 á dag
 - Fara með matarvagna á deildir og skila þeim í eldhús að hádegisverði loknum
 - Sjá til þess að deildir fái smekki, tuskur, þvottastykki, grísjur, spritt og annað sem deildirnar þurfa að hafa.
 - Passa upp á birgðarstöðu á hreinlætisvörum og öðru.
- Öllum fundum annað hvort frestað eða þeir færðir yfir á Teams
- Skólinn fylgir fyrirmælum sóttvarnarlæknis hverju sinni varðandi ferðalög utanlands og innan.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Sveitarstjóri getur þó gefið út rýmri reglur telji hann nauðsyn að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.
- Starfsfólk getur átt von á að vera fært milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í inflúensufaraldri.

Komi til lokunar leikskólans

Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri taka ákvörðun um lokun skólans eða ákveðinna deilda í samráði við sóttvarnarlækni og viðbragðsteymi Norðurbings sem meðal annarra sitja í sveitarstjóri og slökkviliðsstjóri. Lokunin verður tilkynnt á heimasíðu skólans, með tölvupósti og /eða síma eftir atvikum. Lokun er einnig auglýst við inngönguleiðir skólans.